



ÚTGÁFU- OG SAFNARÝNI

Byggðasöfn á Íslandi Rannsóknarsetur í safnafræðum	12
Íslenskur myndheimur skynjaður og skilinn Safnahúsið við Hverfisgötu	21
Neysla Reykvíkinga á 20. öld Borgarsögusafn Reykjavíkur	24
Hreindýrin á Austurlandi Minjasafn Austurlands	30–31
Saga sigranna eða brotakennd saga kven-þjóðar Kvennasýningar árið 2015	34–37

EFNI / GREINAR

Fréttir úr safnaheiminum	5–7, 41
Íslenskur kvikmyndaarfarur í geymslu	8–11
Hver vill borga fyrir afnot af myndlist og ljósmyndum á netinu?	13–15
Söfn og menning í stafrænum heimi	16–20
Áskoranir safnamanna	22–23
Söfn í geimnum	25
Vefsýningar á Sarpi	26
Hver, hvernig, af hverju?	27–29
Skyggst undir yfirborðið	32–33
Norrænt samstarf, norrænn innblástur	38–39

Vor í lofti

Enn vorar í safnaheiminum, því þótt vetur sé á næsta leiti, er kominn út nýr Kvistur – safnablað.

Annað tölublað safnablaðsins Kvists inniheldur fjölbreytt efni um söfn og sýningar. Þar má nefna útgáfu- og sýningarrýni, hugleiðingar safnastarfsmanna, viðtöl, þýdda grein, auk umfjöllunar um málefni tengd stafrænu umhverfi safna.

Stafræna byltingin hefur, á síðustu áratugum, haft mikil áhrif á safnaumhverfið og birtist meðal annars í nýjum áskorunum varðandi höfundarrétt og meðferð safnkosts, varðveislu safngripa á borð við kvikmyndir og við miðlunarsviðinu blasa nýir sýningarmöguleikar; meira að segja á hinum íslenska Sarpi.

Með stafrænunni fylgdi hugmyndin um safn 2.0 sem hefur þegar haft fjölbreytt áhrif á safnastarf – t.d. hefur orðið merkjanleg breyting á hugtakanotkuninni, frá safngesti yfir í safnnotanda. Þessi breyting hefur gert öðrum en starfsmönnum safna kleift að blanda sér frekar inn í safnastarf sem þátttakendur í opinberri safnastarfsemi. Opnunin á hugtakinu „safn“ og starfsemi þess hefur orkað misjafnt á fagfólk og fræðimenn á sviði safna og skyldra fræða.

Markmið safna ætti að vera að hvetja fólk til umhugsunar og virkni, hvers eðlis sem hún er. Það er því von þeirra sem að blaðinu standa að Kvistur megi vaxa og styrkjast í umfjöllun sinni um íslenskt safnastarf, svo öll áhugasöm um söfn og sýningar finni þar eitthvað við sitt hæfi.

Góðar (lestrar)stundir.
Ingunn Jónsdóttir

P.S. Áhugasömum pennum er bent
á að hafa samband við ingunn.jonsdottir@gmail.com.

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Safnarútan slf.

Ritstjóri Ingunn Jónsdóttir.

Ritstjórn Sigrún Kristjánsdóttir,

Bergsveinn Þórsson, Guðrún Dröfn Whitehead,

Inga Lára Baldvinsdóttir, Sigurður Trausti

Traustason, Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Hönnun Ármann Agnarsson,

Hrefna Sigurðardóttir

Prentun Prentmet

Þýdd grein Ingunn Jónsdóttir

og Guðrún D. Whitehead.

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir
fyrir þeirra framlag.

ISSN 2298-6944



Greiningarstarf á Ísafirði

Safnahús Ísafjarðar hefur í sumar unnið að því að setja myndir á myndavef sinn. Enn er leitað eftir nöfnum einstaklinga á mörgum myndanna. Þær má nálgast á myndavef safnsins:

myndasafn.isafjordur.is



Sýningin Sjónarhorn – fjölbreytt fræðsla fyrir almenning og skóla

Í apríl 2015 var opnuð ný grunnsýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Að henni standa sex menningarstofnanir en Þjóðminjasafnið sér um rekstur hússins.

Fræðsluefni Safnahússins tekur mið af því að leikur og sköpun séu grunnur náms. Fræðsla er samofin sýningunni á margvíslegan hátt og þar er fræðsluefni sem býður upp á leik og hvetur til skapandi hugsunar um verkin og inntak sýningarinnar. Auk þess eru sérstök fræðslurými í Safnahúsinu þar sem sýningargestir geta skoðað gripi og bækur, leikið sér eða slakað á.

Einnig er boðið upp á verkefni fyrir skólahópa og er ætlast til að kennarar sjái sjálfir um fræðsluna. Verkefni og allar upplýsingar má nálgast á heimasíðunni safnahusid.is

Nýtt safn í Palestínu

Nýtt safn mun opna í Birzeit (25 km norður af Jerúsalem) í Palestínu 15. maí 2016. Safnið hefur fengið nafnið The Palestinian Museum, en markmiðið með safninu er að segja frá tvístruðu lífi íbúa í Palestínu síðustu tvær aldirnar. Samkvæmt safnstjóranum, Jack Persekian, hyggst safnið sýna fram á tryggyndi, vongleði og viðnám Palestínubúa.

www.palmmuseum.org

Kvisti lék forvitni á að vita hvað nýjum safnstjórum listasafna er hugleikið og sendi þeim nokkrar spurningar að velja úr. Hér eru svörin:



Kristín Dagmar Jóhannsdóttir, listrænn stjórnandi Gerðarsafns

Hvað er mest spennandi við nýja starfið?

Mest spennandi er áskorunin sem því fylgir að koma með nýjan andblæ í Gerðarsafn með ólíkum leiðum safnastarfsins, m.a. sýningum, fræðslu og öðrum viðburðum



Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri

Hver er mesta áskorunin í nýja starfinu?

Mesta áskorunin er að setja saman áhugaverða sýningardagskrá með myndlist og hönnun fyrir Listasafnið á Akureyri sem höfðar til flestra eigenda (íbúa á Akureyri), gesta og ferðamanna á Akureyri og Norðurlandi. Í öðru lagi að byggja upp fræðsludagskrá sem nýttist öllum aldurshópum frá leikskólabörnum til eldri borgara með fyrirlestur, leiðsögnum og vinnustofum. Í þriðja lagi að virkja kraftinn í norðlenskum myndlistarmönnum og hönnuðum og byggja upp lifandi Listagil á Akureyri. Þetta er krefjandi áskorun og skemmtileg.



Ágústa Kristófersdóttir, safnstjóri Hafnarborgar

Hvað er mest spennandi við nýja starfið?

Það er spennandi að fá tækifæri til að leiða starf í safni sem er í senn mikilvæg menningarstofnun fyrir bæjarbúa í Hafnarfirði en jafnframt á landsvísi. Starfið þarf að byggja á skilningi á ólíkum væntingum þeirra hópa sem sækja safnið heim og treysta á faglega starfsemi þess. Samtal og þátttaka eru þar lykilþættir og ég hlakka til að heyra hvaða væntingar samfélagið hefur og mæta þeim með starfsemi sem er frumleg og spennandi.



Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Hvað er mest spennandi við nýja starfið?

Það er spennandi að takast á við safn sem hefur jafn mikla möguleika á fjölbreyttu samtali við samfélagið sem það starfar í. Safnhúsin þrjú eru ólík og skipa hvert um sig ákveðinn sess í hugum borgarbúa um leið og þau hafa ólík hlutverk hvað varðar miðlun safneignarinnar. Þar fyrir utan er Listasafn Reykjavíkur virkur vettvangur sköpunar þar sem innlendir og erlendir samtímalistamenn finna hugmyndum sínum farveg. Það er að mínu mati ekkert meira gefandi en að starfa þar sem nýjar hugmyndir fæðast og þróast. Fyrir mig er það líka spennandi að takast á við að stýra safni sem hefur verið öflugur tengiliður út í heim í íslensku menningarlífi.



Verðlaunaforsíða

Erla María Árnadóttir, myndskreytir síðasta tölublaðs Kvists, vann til verðlauna hjá bandaríska fagttímaritinu Creative Quarterly. Verðlaunin hlaut hún fyrir forsíðu Kvists í flokknum „professional illustrators“. Myndin sýnir innan í höfuð safnamannsins, en þar má greina ýmsa aðra gripi. Tímaritið, sem kemur út fjórum sinnum á ári, bæði rafrænt og í prentaðri útgáfu, er mjög virt í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada. Ritstjórn Kvists óskar Erlu Maríu til hamingju með verðlaunin. Tímaritinu, sem er númer 38–39, má fletta á <http://www.cqjournal.com/currentissue>.

Götulist máluð beint á veggi sýningarsalar

Þann 27. júní 2015 opnaði listasafnið Longbeach museum of Art, Kaliforníu, nýja sýningu: „Vitality and Verve: Transforming the Urban Landscape“. Á sýningunni, sem var hluti af listahátíð í Longbeach, unnu götulistamenn og fagmenntaðir listamenn saman, lærðu ólík vinnubrögð hver af öðrum og sköpuðu þar með nýstárlega og einstaka sýningu sem inniheldur götulist málaða beint á veggi sýningarsalarins. Nánari upplýsingar um sýninguna má finna á heimasíðu safnsins: <http://lbma.org/exhibitions>



Stefnubreyting í Austur-London

Nýtt safn í austurhluta Londons hefur valdið miklu fjáðrafoki meðal íbúa. Í stað þess að fjalla um kvennréttindamál og hetjuverk kvenna í gegnum árin eins og til stóð, var því breytt í safn um „Jack the Ripper“, frægan fjöldamorðingja sem herjaði á konur í Whitechapel árið 1888.

Skynjun án sjónar

Prado safnið í Madrid á Spáni hefur nýverið opnað sýningu þar sem blindum safngestum er gert kleift að upplifa og skynja listaverk með snertingu. Safnagestum með sjón gefst kostur á að setja á sig sérstök myrkvunargleraugu og upplifa þannig heimsfræg listaverk, á borð við Monu Lisu, á óvæntan hátt. Nánari upplýsingar www.museodelprado.es/en/exhibitions/exhibitions/at-the-museum/hoy-toca-prado

Íslenskur kvikmyndaarfur í geymslu

*Síðasta áratug hefur orðið tækni-
bylting í kvikmyndaiðnaðinum.
Kvikmyndir eru nú flestar teknar
upp og unnar á stafrænan hátt og
kvikmyndahús varpa myndunum
á tjöld sín með stafrænum sýningar-
vélum. En hver er staða þeirra kvik-
mynda sem teknar voru upp og sýnd-
ar af filmum frá lokum 19. aldar og
fram á byrjun þeirrar 21. og hvernig
er aðgengi okkar að þeim?*

Kvikmyndir eru sértækur safn-
kostur þar sem safngripurinn
sem varðveittur er, filman
sjálf, er miðill fyrir lifandi myndir
og hljóð. Safngripurinn þarfnast
síðan sérstaks tækjabúnaðar til að
upplifa innihaldið, kvikmyndina.

Kvikmyndaflíma er einfaldlega löng
ljósmyndaflíma og byggir því á sömu
tækni og hliðræn (analog) ljósmynd-
un. Frumeintakið, sem upprunalega
var í myndavélinni, er negatíft eftir
framköllun (í lang flestum tilfellum)
og ekki sýningarhæft. Því þarf að
afrita myndupplýsingarnar af frum-
eintakinu og á aðra filmu, en við
það verður afritið póstítíft (sbr. ljós-
myndaflíma og pappírskópíur). Kvik-
myndataeknin byggist því á afritun,
og frumeintak er aldrei sýnt.

Til þess að sýna og njóta kvik-
myndarinnar sjálfar er ekki nóg
að skoða filmuna sjálfa, heldur þarf
að keyra hana í gegnum sýningar-
vél sem varpar henni ramma fyrir
ramma á kvikmyndaþjald, 24 römm-
um (u.þ.b. 46cm af filmu) á sekúndu.
Hversu varlega sem farið er með

safngripinn (filmuna) og hversu vel sem sýningarvélinni er haldið við þá slitnar filman örlítið við hverja sýningu og hætta á því að hún rifni eða rispist er alltaf fyrir hendi.

Kvikmyndasafn Íslands er aðili að FIAF (Alþjóðleg Samtök Kvikmyndasafna) og fer eftir stöðlum sem samtökin hafa sett sér um varðveisluskilyrði kvikmynda og kvikmyndamenningar. Staðlarnir snúa meðal annars að tæknilegum kröfum sem söfnin gera til þess tækjabúnaðar sem notaður er við kvikmyndasýningar, sem og þjálfun starfsmanna í meðferð kvikmynda-filma við sýningar á þeim, til þess að fyrirbyggja skemmdir á safnkostinum við sýningar.

Samkvæmt upplýsingum frá Kvikmyndasafni Íslands er einungis eitt kvikmyndahús á Íslandi búið sýningarvélum sem standast kröfur FIAF við sýningar á kvikmyndum á filmu í safneign, en það er Bæjarbíó í Hafnarfirði sem Kvikmyndasafnið hafði til umsjónar á árunum 1997–2014. Aðrar filmusýningarvélar á landinu eru ekki hannaðar með sýningar á safngripum í huga og hafa auk þess í mörgum tilfellum ekki verið notaðar að staðaldri né haldið við að ráði.

Kvikmyndasafninu berast reglulega óskir frá innlendum aðilum um að



fá lánuð sýningareintök af íslenskum kvikmyndum sem til stendur að sýna í innlendum bíóum. Oft er ekki hægt að verða við þessum óskum vegna þess að kvikmyndin sem óskað er eftir er einungis til á filmu og þær sýningarvélar sem eru fyrir hendi á Íslandi standast ekki staðla FIAF til sýninga á safngripum, eins og áður segir. Mikill fjöldi íslenskra kvikmynda er því við núverandi aðstæður óaðgengilegur hérlendis í upprunaformi, þ.e. varpað af sýningarvél á hvítan dúk í myrkvudum kvikmyndasal.

Nær allir bíósalir á Íslandi eru nú útbúnir stafrænum sýningarvélum sem taka einungis við stafrænum sýningareintökum. Þetta fylgir þróun sem á sér stað um allan heim. Fyrir bæði stór og smá kvikmyndaver er mun einfaldara og ódýrara að senda stafræn eintök af

kvikmyndunum í kvikmyndahús heldur en þunga filmukassa. Auk þess geta kvikmyndaverin stýrt því með eftirliti í gegnum netið að fjöldi sýninga í hverju kvikmyndahúsi sé í samræmi við seldan sýningarrétt. Þessi þróun hefur valdið því að framleiðslu á sýningarvélum fyrir filmur og á varahlutum fyrir þær hefur verið hætt að mestu leyti.

Af þeim leiknum kvikmyndum sem eiga uppruna sinn á filmu og eru varðveittar í safneign Kvikmyndasafns Íslands eru 37 komnar á stafrænt form sem þykir hæft til sýninga í kvikmyndahúsi (2K upplausn eða herra).

Eftir standa a.m.k. 176 kvikmyndir sem einungis eru til á filmum eða í upplausn sem almennt er hugsuð fyrir sjónvarp (undir 2K upplausn, t.d. HD eða SD). Þær er því einungis



hægt að sýna í kvikmyndahúsi að því gefnu að til séu sýningareintök á filmum og að til staðar sé kvikmyndahús útbúið sýningarvélum fyrir safngripi, eða að gefinn sé afsláttur af upprunalegri upplausn kvikmyndanna.

Auk þeirra eru svo ótal heimildamyndir og sjónvarpsefni sem að mestum hluta eru einungis til á filmu og því einnig illa aðgengilegar.

Tvær leiðir eru færar til að gera íslenskan kvikmyndaarf aðgengilegri:

Sú fyrri er að koma upp kvikmyndahúsi sem væri opið almenningi og hefði yfir að ráða filmusýningarvélum og sérþjálfuðu starfsfólki til þess að hafa reglulegar sýningar á safngripum úr safni Kvikmyndasafns Íslands. Þá væri orðinn til vettvangur þar sem hægt væri að njóta kvikmyndanna við þær aðstæður sem þeim voru upphaflega ætlaðar, varp að af kvikmynda filmu á hvítan dúk í myrkvuðum sal fyrir áhorfendur. Með tíð og tíma þyrfti að endurnýja sýningaeintökin með tilheyrandi

kostnaði, því sýningar af filmum fela í sér slit (s.s rispur og rifur) og þar með tap á gæðum.

Eins og greint er frá hér að ofan var þessi aðstaða til staðar í Bæjarbíói í Hafnarfirði á árunum 1997–2014, en Hafnarfjarðarbær ákvað að segja upp afnotarétti Kvikmyndasafns Íslands af húsnæðinu árið 2014.

Seinni leiðin er sú að færa kvikmyndaarfinn á stafrænt form í upplausn og gæðum sem hæf eru til sýninga í almennum kvikmyndahúsum. Þannig væri hægt að nýta þær stafrænu sýningarvélur sem til staðar eru og bjóða upp á íslenskar kvikmyndir í bíóum um allt land, sem og um allan heim, án þess að eiga á hættu að sýningareintökin skemmist eða glatist. Auk þess væri hægt að nota stafrænu afritin sem grunn til þess að gefa kvikmyndirnar út á mynddiskum, á netinu eða fyrir sjónvarp með tilheyrandi dreifingu.

Réttast væri að fara báðar leiðirnar. Þannig væri dreifing myndanna

í gegnum stafræna miðla tryggð, en einnig möguleiki fyrir almenning til þess að upplifa kvikmyndasýningar af filmu. Sýning á kvikmynd af filmu hefur allt annað yfirbragð og fagurfræði en sýning á stafrænu afriti af kvikmynd sem á uppruna sinn á filmu. Því ber að varðveita þann möguleika fyrir almenning að upplifa kvikmyndir á upprunaformi sínu, filmunni.

Það ferli að færa myndefnið á stafrænt form felur í sér að hreinsa upprunalegu filmurnar, skanna þær, litgreina og lagfæra t.d. rispur, skemmdir og hljóð, með hliðsjón af útliti upprunalegra sýningareintaka á filmum.

Þessari vinnu er annað hvort hægt að úthýsa allri eða að hluta erlendis, og/eða skaffa þau tæki, tól og þekkingu sem þarf til þess að vinna hér innanlands. Sá kostnaður sem fylgir stafrænni yfirfærslu á heilu kvikmyndasafni mun alltaf hlaupa á tugum, ef ekki hundruðum milljóna, hvort sem gert er erlendis eða innanlands.



Kostir þess að framkvæma stafræna yfirfærslu erlendis eru þeir að heildar verkefniskostnaður dreifist á langt tímabil, auk þess að ekki þarf að ráðast í kaup eða rekstur á dýrum búnaði. Gallarnir eru þeir að sú sérfræðipækning sem skapast við verkefnið verður til erlendis, auk þess sem flytja þyrfti allar filmurnar til útlanda og svo aftur til Íslands á meðan verkefninu stendur, með tilheyrandi áhættu og kostnaði.

Ef vinnan er framkvæmd hér innanlands eru kostirnir þeir að ekki þarf að flytja safngripina til útlanda, meiri möguleikar eru á því nýta tækin til að skanna annað efni meðfram, s.s. heimildamyndir og sjónvarpsefni, auk þess að störfin og sérþekkingin verður til hérlandis. Gallarnir liggja í kostnaði vegna tækjakaupa í byrjun verkefnis og rekstrarkostnaði tækjanna.

Að endingu má svo ekki gleyma því að varðveisla stafræns efnis er síður en svo einföld eða ódýr, og að gera þarf ráð fyrir þeim kostnaði sem hlýst af því til frambúðar. Kvikmyndaafilmur má geyma á hillum í myrkvuðum, kældum og rakastýrðum geymslum í tugi ára án þess að þurfa að hafa sérstakar áhyggjur af því.

Stafrænt efni þarf að geyma á tölvutæku formi sem stöðugt þarf að uppfæra, endurnýja og tryggja að sé aðgengilegt.

Og þó að myndefnið sé komið á stafrænt form þarf líka að geyma allar filmurnar áfram, því tryggja þarf aðgang komandi kynslóða að upprunalega efninu. Kostnaðurinn við geymslu á stafrænu efni kemur því ekki í stað geymslukostnaðar á filmusafninu, heldur bætist við.

Íslendingar eru langt frá því eina þjóðin í þeirri stöðu að kvikmyndir þeirra eru lítið sýndar vegna tæknipróunarinnar. Kvikmyndasöfn um allan heim þrýsta á stjórnvöld um að hjálpa til við að gera kvikmyndir aðgengilegri, enda er meginmarkmið FIAF að forvarsla og varðveisla á safngripunum sé til þess að tryggja almenningi aðgang að þeim um ókomna tíð.

Sem dæmi hefur Sænska Kvikmyndastofnunin (Svenska Filminstitutet) ákveðið að færa allar sænskar kvikmyndir á stafrænt form til að tryggja að hægt sé að sýna þær í kvikmyndahúsum, en það eru u.þ.b 2.500 kvikmyndir í fullri lengd og á bilinu 4.500–6.500 styttri myndir. Það starf hófst árið 2013 án sérstaks fjárstuðnings, en er nú kostað af ríkinu og fer að lang mestu leyti fram innan veggja Svenska Filminstitutet, og áætlað er að ljúka verkefninu á 10 árum.

Stefna Breta er sú sama og Svíanna; allur breskur kvikmyndaarfur á að verða stafrænn. Þeir hafa ákveðið að byrja á því að færa 10.000 kvikmyndir


af filmum á stafrænt form og þeirri vinnu á að ljúka árið 2017. Fyrir vinnuna greiðir breska menningarmálaráðuneytið, auk þess sem sóttir eru styrkir í National Lottery Fund.

Frakkar hafa einnig hafið að afrita sínar kvikmyndir á stafrænt form, en þar lánar franska ríkið framleiðslufyrirtækjum fyrir vinnunni við yfirfærsluna og fær borgað til baka af þeim gjöldum sem innheimtast fyrir sýningarréttinn.

Í Bandaríkjunum sjá framleiðslufyrirtækin að mestu sjálf um yfirfærslu á stafræna miðla, enda getur dreifingarréttur þeirra á kvikmyndunum skapað þeim miklar tekjur.

Íslenskur kvikmyndaarfur er vel varðveittur á filmum í kæligeymslum Kvikmyndasafns Íslands, þó stór hluti hans sé ekki aðgengilegur til sýninga. Þessi varðveisla er grunnurinn að því að hægt sé að opna aðgengi að þessum kvikmyndum og tæknin er vissulega til staðar til þess að kynslóðir framtíðar geti notið kvikmyndaarfsins um ókomna tíð.

Þórir Ingvarsson,
ljósmynda- og kvikmyndaforvörður



Byggðasöfn á Íslandi

Rannsóknasetur í safnafræðum hefur gefið út ritið *Byggðasöfn á Íslandi*. Í því eru fjórtán greinar um flest veigamestu byggðasöfn landsins eftir jafnmarga höfundu. Ágætan inngangskafli undir heitinu Ræktunarstarf byggðasafna ritar Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræðum við Háskóla Íslands og ritstjóri bókarinnar. Þar er drepíð á nokkuð af því sem skrifað hefur verið um byggðasöfnin en jafnframt tengir hann tilurð þeirra við tilkomu slíkra safna í öðrum löndum löngu fyrr. Saga byggðasafna er samofin menningarlegu og þjóðfélagslegu ástandi á hverju tímabili og tekst Sigurjóni að setja hlutina í samhengi bæði í tíma og rúmi.

Greinarnar fjórtán eru misjafnar og velur hver höfundur sína leið. Áhersla er í flestum þeirra lögð á að greina frá aðdraganda og stofnun safnanna. Í ljós kemur að þau urðu öll til fyrir tilstuðlan eldhuga og eða með fulltingi félagasamtaka. Í ljós kemur að kveikjan að söfnun skjala og skriflegra heimilda var af sama toga. Sambúð minja- og byggðasafna þróaðist síðan með mismunandi hætti eftir efnum og ástæðum en víða hefur sambúð slíkra safna reynst happadrjúg. Misjafnt er hversu langt aftur er farið að rekja söguna og telst jafnvel hæpið að miða stofnun safns við það þegar einstaklingur sem löngu síðar varð fyrsti safnvörður safns fékk grip að gjöf frá nemanda löngu fyrir tíma safnsins.

Kaflar um Byggðasafn Skagafirðinga, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Minjasafn Reykjavíkur skara fram úr hvað efnistöð og innihald varðar því rakin

er sagan en jafnframt gerð grein fyrir einstökum þáttum starfseminnar, jafnframt því sem skyggst er eftir mætti inn í nánustu framtíð. Mjög merk saga af draumum og tilburðum til stofnunar Sjóminjasafns Íslands í kaflanum um Byggðasafn Hafnarfjarðar er ágætlega rakin, sem er næsta hollt að fræðast um.

Alls staðar hafa húsnæðismál sett mark sitt á starfsemi og þróun safnanna og sér svo sem ekki fyrir endann á því.

Kafla um nokkur stærstu byggðasöfnin vantar þó og það hefði gefið útgáfunni mun meira gildi hefði náðst að hafa þau öll með. Dæmi þar um eru Minjasafnið á Akureyri, Minjasafn Austurlands, Byggðasafn Dalamanna og Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla.

Það er samt umhugsunarvert að enn höfum við ekki náð að skilgreina svo vel sé sjálft grunnhugtakið „safn“. Það má marka á því að hér eru nefnd tvö hús, Pakkhúsið á Ólafsvík og Langabúð á Djúpavogi og vísað til þeirra eins og safna. Bæði þessi hús eru með sýningar og hafa ekki stöðu safns.

Fróðlegt er að rýna hvernig stofnað var til samstarfs milli áhugamanna, stjórnvalda, sveitarstjórna og síðan afskipta Þjóðminjasafns og Þjóðminjavarða af einstökum söfnum.

Það er mikill ávinningur fyrir nemendur í safnafræði og aðra sem áhuga hafa að geta lesið um uppruna safnanna og hvernig þau hafa dafnað í tímans rás. Greinargerðir um grunnatriði

safnastarfsins eins það er skilgreint í dag svo sem söfnun, skráningu og vistun er þó víða áfátt í umfjölluninni og meira sagt frá sýningahaldi og viðburðum safnanna. Söfnun, vistun og rannsóknir eru og verða þó þeir grunnþættir sem öll kynning og miðlun styðst við og byggir á.

Til þess að ná heildstæðari mynd af stöðu safnamála hefði mátt ritstýra frekar og óska eftir umfjöllun og upplýsingum um atriði eins og eiginlegar stærðir og gerð safnheilda, stöðu skráningar, hagnýta aðstöðu og starfsmannahald. Þá hefði þessi annars ágæta bók gefið gleggri mynd af stöðu safnamála á Íslandi og nýst sem innlegg til mótunar safnastefnu, hagræðingar og samvinnu safna á næstu árum.


Bókin er kilja, 213 blaðsíður með 67 ljósmyndum. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir annaðist myndarritstjórn. Útgáfuformið leyfði varla mikla myndanotkun en bókin hefði grætt á því að í henni væru fleiri myndir. Textalengd hefur líklega ráðið því að velja varð fullsmátt letur. Prófarkalestur hefði mátt vanda frekar en víða er orðum skipt með bandstriki þótt í miðjum línnum séu.

Við lestur bókarinnar vakna margar spurningar um leið og hægt er að fræðast um starf byggðasafna landsins. Það er fengur að bókinni þrátt fyrir þá annmarka sem hér hafa verið nefndir því eins og stendur á einum stað í grein um Byggðasafn Skagafirðinga: „Framtíð safnsins verður byggð á þeim stöðum sem störf og reynsla undanenginna áratuga hafa mótað.“

Hver vill borga fyrir afnot af myndlist og ljósmyndum á netinu?

Á síðustu missurum hafa höfundarréttarmál verið íslenskum safnmönnum hugleikin. Það á bæði við um þau söfn sem annast varðveislu á myndlist en einnig söfn sem innihalda ljósmyndir. Tilkoma veflægra skráningarkerfa og myndbirtinga í slíkri skráningu hafa sett höfundarréttarmálin í brennidepil. Höfundarréttahafar eða talsmenn þeirra hjá Myndstefi hafa lagst gegn birtingu mynda af listaverkum í gagnagrunnum og talið að greiða þurfi fyrir þess konar myndbirtingar. Listasöfn sem hafa skráð allan sinn safnkost í Sarp og birt myndir af þeim með skráningunni hafa því fengið greiðslukröfur frá Myndstefi. Listasafn Reykjavíkur sem heldur úti eigin skráningarvef með ljósmyndum af öllum verkum í safneigninni samdi við Myndstef og greiddi fyrir myndnotkunina fyrirfram; áður en vefurinn var opnaður almenningi.

Ljósmyndir flæða hins vegar inn á Sarp og ýmsa aðra staðbundna vefi,



COPY therefore I am / Photo: Superflex

eins og hjá einstökum skjalasöfnum, án nokkurra athugasemda. Því má segja að í raun sé sú meginregla viðurkennd í verki að ljósmyndir séu bara myndir en ekki verk. En tvær ólíkar reglur gilda um höfundarrétt eftir því hvort um verk eða mynd er að ræða. Verk er í höfundarrétti í 70 ár frá dánarári höfundar en mynd aðeins í 50 ár frá tökuþegi. Samt er orðin löng hefð fyrir því að ljósmyndasöfn geri samninga við handhafa höfundarréttar þegar efnið berst stofnuninni. Þar var Ljósmyndasafn Reykjavíkur í forystu en aðrir fylgdu í kjölfarið. Vert er að

nefna í því sambandi safn Magnúsar Ólafssonar ljósmyndara. Safnið var talið í höfundarrétti í 70 ár frá andláti hans og því farið með myndir hans eins og verk. Þannig að það er ekki nein heilðræn stefna í gildi.

Alþjóðaráð safna (ICOM) hefur nýlega skerpt á stefnu sinni í höfundarréttarmálum. Í ályktun sem ráðið sendi frá sér talar það fyrir því að afmarkaðar undanþágur séu veittar söfnum til að auðvelda þeim að sinna markmiðum sínum og skyldum sem miðlunar- og fræðslustofnanir. Í nútímasamfélagi er þar

að auki ætlast til þess að söfn sinni skyldum sínum bæði innan veggja safnsins og á netinu

(e. the International Council of Museums is now advocating for limited exceptions to copyright to assist museums in carrying out their scholarly, educational and exhibition related activities in an environment where museums are expected to carry out such activities both online and on site (ICOM, 2015).

Óvíst er hvort yfirlýst stefna ICOM muni hafa tilskilin áhrif á höfundarréttarlög á alþjóðlegum vettvangi. Hér á landi hefur verið tekist á um túlkun höfundarréttarlaga þegar kemur að myndbirtingu á myndlist á netinu í gagnagrunni eins og Sarpi. Er það réttlætanlegt að takmarkanir höfundarréttarlaganna stjórnari stefnunnar í myndbirtingu rafrænna gagnagrunna sem aðgengilegir eru á netinu?

Hérlendis hafa einstök söfn ýmist staðið í deilum eða samningaviðræðum við Myndstef. Söfnin standa hvert fyrir sig í þessum málum, hvort sem það á við um birtingar á myndum eða verkum. Til samamburðar, leiðir hið opinbera á Norðurlöndum samningana við höfundarréttarsamtök fyrir hönd safnanna. Ráðuneyti mennta- og menningarmála á Íslandi hefur verið hvatt til þess að eiga frumkvæðið í því að greiða úr flækjunni sem hefur myndast. Það er ljóst að vandamálið mun ágerast á meðan kröfunni um stafrænt aðgengi að menningararfi er haldið á lofti.

Eftirfarandi ályktun gerði Samband íslenskra myndlistarmanna og sendi

til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þann 1. des 2014:

Samband íslenskra myndlistarmanna óskar eftir því að Mennta og menningarmálaráðuneytið leysi úr þeim málum sem snúa að opinberri birtingu myndverka á internetinu: Við teljum að íslensk söfn verði að geta sinnt hlutverki sínu og lögbundnum skyldum með því að tryggja aðgengi almennings að menningararfinum í gegnum vefinn sarpur.is á sama tíma og höfundarréttahafar fái lögbundna þóknun vegna birtingar á sínum myndverkum.

Við förum fram á að ráðuneytið skýri opinberlega viðeigandi ákvæði höfundalaga nr. 73/1972 og þar með hvað felst í höfundarétti myndhöfunda og takmörkunum vegna birtingar myndverka á internetinu. Við þá vinnu teljum við að ráðuneytið þurfi að hafa til hliðsjónar mikilvægi miðlunar menningararfsins, og þá sérstaklega mikilvægi þess að hafa nánast alla safneign Íslands aðgengilega á einum gagnagrunni – sarpur.is. Jafnframt teljum við eðlilegt að ráðuneytið viðurkenni rétt myndhöfunda að fá sanngjarna þóknun fyrir ofangreind not samkvæmt 3. gr. höfundalaga, sbr. 2. gr. sömu laga.

Við förum einnig fram á við ráðuneytið að það auki fjárveitingar til safna og réttindin verði þar með tæmd, þannig að menningararfur Íslands geti verið aðgengilegur almenningi – nemendum, kennurum, listunendum og fleirum.

Í svipaðan streng tekur Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðingur Mynd-

“

TAKMARKANIR AFNOTARÉTTAR

Rökin fyrir opnu aðgengi að sköpunarverkum annarra byggja á skilningi á því ekkert í heiminum sé í raun frumlegt. Allt byggir á öðru. Að uppsöfnuð þekking (í hvaða formi sem hún birtist) sé samsöfnuð sameign. Höfundar byggir verk sín á samsafninu – en útfæri með sínum sérstaka hætti. Í umræðu um höfundarrétt er mikilvægt að greina á milli þessarar sérstöku útfærslu og því samsafni þekkingar sem byggt er á og má segja að sé forsenda eða möguleiki hins nýja sköpunarverks. Sé þessi aðgreining á hreinu má auðveldlega rökstyðja að lítið sé á útfærslu sem eign, en takmarkaða og tímabundna, enda öllum til hagsbóta að það sem sótt var í sameiginlega auðlind sé veitt í hana aftur. Lawrence Lessig, talsmaður Free Culture hreyfingarinnar, hefur sett fram gagnrýni á lög um og framkvæmd höfundarréttar og byggir þá gagnrýni einkum á því að ótakmarkaður höfundarréttur í oflangan tíma hamli (ný)sköpun. Lessig og félagar hafa lagt til kerfi, t.d. Creative Commons, sem leggur í vald höfundar að meta hve sérstakt sköpunarverk sé og að hvaða marki sé rétt að höfundarréttarverja það. Deilur eru litlar sem engar um að eðlilegt hljóti að teljast að hver sá sem skapar eigin útfærslu ráðstafi þeirri útfærslu. Eins eru deilur litlar sem engar um að það að taka í leyfisleysi það sem annar á og nota í eigin þágu án endurgjalds sé þjófnaður. Deilur standa s.s. einkum um takmarkanir afnotaréttar sameiginlegra auðlinda í þessu eins og svo mörgu.

Dóra Ísleifsdóttir,
Prófessor, fagstjóri – MA hönnun
við Listaháskóla Íslands.

”



MARKMIÐ
HÖFUNDARRÉTTARLAGA

stefs, á samstöðufundi í húsakynnum SÍM þann 17. nóvember 2014:

Myndstefi þykir mjög miður að söfn, sem hafa merku hlutverki að gegna í íslenskrri lista- og menningarsögu, sjái sér hag í og reyni að færa rök fyrir því að sniðganga lögmætan rétt myndhöfunda til höfundarréttargreiðslna. Þessi söfn ættu þvert á móti að vera leiðandi afl og samherji í einu mikilvægasta baráttumáli listamanna: að berjast fyrir auknu verðgildi, virðingu og notkun á myndlist og tryggja með því afkomu þeirra svo að þeir geti sinnt list sinni af heilindum. Myndstef vill því hvetja meðlimi samtakanna til að tryggja réttindi sín og taka upplýsta ákvörðun um notkun á verkum sínum á netinu. Gera má ráð fyrir að netnotkun listaverka eigi stöðugt eftir að aukast í framtíðinni, sem er mikið fagnaðarefni, og þess vegna er mjög mikilvægt að lögvörðum réttindum og hagsmunum listamanna verði ekki stefnt í hættu.

FÍSOS, félag íslenskra safna og safnanna sendi frá sér eftirfaranir ályktun þann 11. nóvember 2014:

Eitt meginhlutverk safna samkvæmt Safnalögum er að veita almenningi aðgang að menningararfinum, bæði í þágu rannsókna og fræðslu með því að söfn geri „safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum“. Það er beinlínis skylda safna, siðferðisleg og lagaleg, að nýta sér möguleika tækninnar til þess að auka aðgengi að safnmunaskrá og þar af leiðandi gera safnkost sinn aðgengilegan almenningi. Í 14. grein Safnalaga segir „söfn skulu leitast við að efla faglegt starf á sínu

Markmið höfundarréttarlaga er réttmætur, að tryggja hvata til sköpunar. Í hátæknilegu umhverfi samtímans er þröskuldurinn hins vegar settur of hár. Almennur gildistími höfundarréttar á Íslandi er oflangur, 70 ár. Höfundarréttur ljósmynda sem ekki teljast listaverk rennur út 50 árum eftir birtingu (49 gr. höfundalaga). Í Bandaríkjunum eru verk opinberra starfsmanna sem teljast afrakstur embættisverka þeirra ekki vernduð af höfundarréttarlögum, þar á meðal allt efni NASA. Hvers virði er það að fólk í þriðja heims löndum hafi tækifæri til þess að velta fyrir sér á sýnd M1–67 stjörnuþokunnar með Hen 2–427 stjörnuna í forgrunni? Annað nærtækara dæmi eru prófilmyndir af Alþingismönnum hjá Alþingi. Greiða þarf ljósmyndara sérstaklega fyrir hverja myndbirtingu af lýðræðislega kjörnum Alþingismanni, sem tók sæti á þing eftir 1963. Ljósmyndarinn hefur þó þegar fengið greitt fyrir ljósmyndunina. Í mínum huga er enginn vafi að verðmætaaukning eykst töluvert sé fólk er gert auðveldara að vinna með slíkt myndrænt hráefni. Hvers virði er það að allir geti virt fyrir sér ásjónu þingkonunnar Svövu Jakobsdóttur (1930–2004)? Umræðan snýst ekki um allt eða ekkert – skipulag eða stjórnsýsi, hún á að snúast um það hver séu skynsamleg takmörk á hagnýtingu í ljósi stórkostlegra tæknilegra breytinga. Til að mynda væri hægt að takmarka höfundarrétt við markmið endurgerðarinnar, þ.e.a.s. að birting sem er ekki í fjárhagslegum tilgangi sé leyfð.

*Hrafn H. Malmquist,
bókasafns- og upplýsingafræðingur.*



sviði og standast lágmarkskröfur um söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir og miðlun“ segir þar einnig að „upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi“.

Skapast hefur réttaróvissa um lögmæti þess að söfn birti myndefni af safngripum sínum í safnmunaskrá í gegnum netið eins og gert hefur verið síðan 2013. Lögmæti gjaldfrjálsrar birtingar upplýsinga og mynda af efni sem verið er höfundarrétti, er eitt brýnasta úrlausnarefni íslenskra safna og jafnframt er hér um að ræða gríðarlega almannahagsmuni.

Úr ályktun Félags íslenskra safna og safnanna (FÍSOS) um aðgengi að menningararfi.

Þannig talast ólíkir hagsmunaaðilar á í samþykktum og ályktunum. Vandamálið er að tekist er á um hver eigi að borga. Eiga söfnin að borga hvert fyrir sig til Myndstefs fyrir sinn safnkost? Ekki er hægt að reikna með að einstakir notendur greiði fyrir sín afnot, eða hvað? Í Danmörku hafa staðið yfir viðræður málsaðila um afnot safnkosts á netinu með fulltingi ríkisvaldsins. Samningsaðilar hafa náð saman um öll atriði nema fjárhagshliðina. Ljóst er að það gæti orðið fordæmisgildandi hér á landi. Boltinn er núna hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Bergsveinn Þórsson, verkefnastjóri fræðslu Borgarsögusafni Reykjavíkur og Inga Lára Baldvinsdóttir, safnvörður Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni.



Söfn og menning í stafrænum heimi

Árið 2011 kom út bókinn **Íslensk menningarpólitík** eftir Bjarka Valtýsson. Í bókinni setur Bjarki m.a. fram greiningu á menningarpólitík á Íslandi með tilliti til áhrifa Internetsins á samskipti milli framleiðenda og neytenda menningar. Söfn hafa ekki farið varhluta af þessum áhrifum og lá því beint við að spyrja Bjarka að því hver sé helsta gagnrýni hans á vettvang menningarmála á Íslandi og þátt safna í þeim efnum.

Ég vil ekki meina að bókinn ein-kennist af harðri gagnrýni þótt hún sé gagnrýnin. Fræðirit eru jafnan skrifuð inn í ákveðið samhengi og þetta samhengi er bæði skilgreint og skilyrt af þeim kenningaramma og aðferðafræði sem höfundur þróar og beitir. Í mínu tilviki notast ritið töluvert við ákveðinn anga gagnrýniskenningar Frankfurt-skólans og þá sérstaklega í meðförum Jürgens Habermas. Ég þróa þó þessar kenningar að hinum menningarpólitíska vettvangi, m.a. út frá kenningum Foucault um vald, kenningum innan þjóðernisfræða og stafrænnar menningar og boðskipta. Ástæðan fyrir því að ég valdi þessa leið er sú að hún er hentug til að draga fram helstu aðila hins menningarpólitíska vettvangs og samspils á milli þeirra. En ramminn er einnig normatífur því bókinn leitar eftir kjörjafnvægi milli þessara ólíku þátta sem móta vettvanginn.

Það sem ég er í raun að benda á er að það er hollt að greina forsendur verka og í hvaða hefð verkin eru skrifuð því slíkt mótar vitaskuld greiningartæknina. Þetta hefði t.d. orðið annað verk hefði ég notast við stjórnvaldstækniskrif Foucaults, eins og ákveðin siður er innan menningarpólitískra fræða og Tony Bennett er þekktur fyrir, eða hefði ég beitt Bourdieu út frá viðtækum skrifum hans um menningarvettvanginn – svo fá dæmi séu tekin.

Þetta snýst því að miklu leyti um að átta sig á því samhengi sem verkið er skrifað inn í og nú kem ég mér loks að því að svara spurningunni sem jú snýr að söfnum. Einnig leyfi ég mér að benda á samhengið: Söfn eru auðvitað misjöfn, bæði hvað varðar efni, miðlun, lagaramma og tilgang. Sjálft safnahugtakið er að einhverju leyti „útþanið“ og vinsælt að markaðssetja starfsemi undir hatti þess. Það eru því til margs konar söfn sem bera heitið en þjóna öðrum tilgangi en t.d. listasöfn eða þjóðminjasöfn. Bókinn mín er yfirlitsrit þar sem ég geri tilraun til að skilgreina helstu aðila hins menningarpólitíska vettvangs og nefni ég sérstaklega þátt hins opinbera, markaðar, almennings, menningarstofnana, atvinnulistamanna, áhugalista-manna, félagslegra og uppeldislegra stofnana, grasrótastarfsemi, stjórn-málaflökka, fjölmiðla og alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegs samstarfs. Í

þessari upptalningu heyra söfnin undir menningarstofnanir og sem slík eru þau afskaplega mikilvægur hlekkur í keðju menningarpólitíska vettvangsins. Ég hef hins vegar ekki greint þeirra starfsemi sérstaklega heldur hef þau með sem mikilvægan og margbreytilegan þátt menningar. En eins og áður sagði, það er vitaskuld mikill munur á áhrifum og tilgangi safna sem eru t.d. umlukin lagalegu umhverfi þjóðríkis og um gilda sérstök lög, eins og t.d. þjóðminjasöfn og opinber listasöfn og svo safni eins og Louis Tussauds vaxmyndasafninu, sem lengi vel hafði útibú í Tívolí í Kaupmannahöfn. Samhengi eins liggur í þjóðarvitund og menningararfi og hins í upplifunariðnaðinum. Það er því erfitt að segja eitthvað almennt um þátt safna. Tvímælalaust auðveldara að greina ákveðna þætti þeirra út frá ákveðnu samhengi.

Í bókinni heldur þú því fram að svo virðist sem að forsvarsmenn á sviði menningarmála geri sér ekki grein fyrir þýðingu stafrænnar tækni. Hvernig birtist það helst með tilliti til menningarstofnanna á borð við söfn?

Hlutirnir gerast hratt í þessum málum, það eru sífelldar nýjungar, hvort sem litið er til tækjabúnaðar, forrita, lagaumhverfis eða infrastrúktúrs. Þegar maður stundar rannsóknir innan þessa geira er gjarnan talað um „perpetual beta“

áskorunina. Þetta eru með öðrum orðum rannsóknarefni á stöðugri hreyfingu. Gott dæmi um þetta eru félagsmiðlar á borð við Facebook sem er langt frá sami miðillinn í dag og árið 2004. Innan safnageirans var, og að sumu leyti er ennþá, ákveðin bylgja í gangi kennd við Safnið 2.0 þar sem áherslan færðist í síauknum mæli á miðlun og þá gjarnan gagnvirka miðlun. Stafræn tækni veitir hér vissulega marga spennandi möguleika en þetta er samt svolítið eins og óvarkárt tal um Twitter-byltinguna. Þótt Twitter og ýmsar aðrar þjónustur gefi notendum aðgang að ákveðnum boðskiptamöguleikum, fer byltingin sjálf fram á götunni og útheimtir yfirleitt blóð. Þetta snýst frekar um samspil hins hliðræna og stafræna. Sum söfn greina þetta samspil vel út frá því samhengi sem þau vinna með hverju sinni en oftast en ekki finnst mér þetta vitlaust hugsað og vera til vansa frekar en til bóta. Það er svolítið eins og söfn haldi að bara af því möguleikinn er til staðar verði maður að notfæra sér hann. Kollegi minn Nanna Holdgaard varði t.d. nýlega doktorsritgerð sína um notkun danskra safna á Facebook og niðurstöður hennar sýna fram á að oftast en ekki eiga söfn í basli með að aðlaga miðilinn þörfum sínum.

Rannsóknir mínar á stafræna arkívinu Dansk kulturarv styðja þetta einnig. Hér skoðaði ég menningar- og miðlapólitíkina út frá stafrænum menningararfi, auk þess sem ég tók viðtöl við fólk sem vinnur með efnið, sem og almenna notendur. Í þessu tilfelli var miklu þúðri eytt í að koma afurðum yfir á stafrænt form en minna hugsað um hvernig notkun á efninu skyldi háttáð. Í raun má því segja að þetta sé tvíeggja sverð og ég myndi mæla með því að söfn og aðrar menningarstofnanir hafi skýra sýn þegar að þessum efnunum kemur og átti sig á því að það gerist ekkert af sjálfu sér á þessum miðlum. Þeir krefjast nefnilega töluverðrar vinnu og viðhalds.

Safnið sem menningarstofnun er aftur á móti almennt í sterkri stöðu þegar kemur að notkun á stafrænum afurðum. Ég hef til að mynda áður skrifað um listasafnið sem „hlaðið rými“ í þeim skilningi að sökum sterkrar stöðu þess til áhrifa á auðmagn listaverka og listafólks, hvort heldur menningarlegt eða fjárhagslegt, leita, eða í það minnsta enda, ný listform fyrr eða síðar alltaf innan rýmis listasafnsins, hvort heldur sem rýmið sé „raunverulegt“ eða „virtúal“. Í þessum skrifum mínum skoðaði ég sérstaklega internetlist Marks Napier og „locative media art“ listhópsins Blast Theory. Þegar internetlist kom fyrst upp á yfirborðið var eitt helsta takmark hennar að skilgreina nýtt rými sem væri laust úr viðjum safnsins og listkvarða þess. Það sama var upp á teningnum með locative media list sem beinlínis gerði út á að færa listina í blandað rými hins raunverulega og „virtúala“. Flest þessara verka eru háð gagnvirkni og virkni notenda fremur en safnarýminu sem slíku. Samt sem áður dregst safnið að, eða dregur safnið þessi verk að sér, sökum sterkrar stöðu sinnar í stigveldi listheimsins og menningarframleiðslu almennt. Guggenheim keypti því net.flag verk Napiers og söfnin veita notendum skjól þótt þessir sömu notendur upplifi blandað rými í verkum Blast Theory.

Safnið sem slíkt hefur því sterka stöðu í stafrænum heimi. Það er kannski frekar starfsfólk miðlunardeilda og sýningarstjórar sem oft eru ekki nógu nöska á að greina hvenær hin stafræna hlið kemur að gagni og svo hvenær það hefur truflandi áhrif.

Í rannsóknum þínum á stafrænni tækni hefur þú gert því skóna að þeir sem vinna að gerð menningarstefnu geti lært af félagslegum netverkum á borð við YouTube og Facebook. En slík netverk reiða sig á þátttöku almennings við framleiðslu og miðlun á texta-, hljóð- og myndefni. Hvaða

Þýðingu telur þú að þessi þróun hafi fyrir menningarstofnanir á borð við söfn?

Ég tel að almennt eigi söfn að stíga varlega til jarðar þegar kemur að notkun á félagsmiðlum og miðlum á borð við YouTube því eins og áður sagði eru þetta iðulega markaðsmiðlar sem hafa það helsta takmark að hagnast fjárhagslega af notendum og afurðum þeirra. Hlutirnir gerast hratt í þessum bransa og það er mikilvægt að gera sér grein fyrir breytingum á eignarhaldi, notendaviðmóti, geymslu og notkun gagna þegar notendur afhenda þessum veitum efni. Hér er því mikilvægt að greina forsendur og tilgang á ný. Rannsóknir mínar sýna að veita á borð við Facebook safnar gríðarlegum gögnum um notendur sem síðan eru notuð til að auka gróða fyrirtækisins Facebook. Þegar notendaskilmálar og gagnapólitík Facebook er skoðuð skrifa notendur í raun undir þetta og gefa fyrirtækinu Facebook leyfi til að safna og nota þessi gögn. Þverstaðan er kannski sú að Facebook hannar í raun bara rammann, en notendur fylla inn í hann með efni sem Facebook hagnast á. Notendur eru því neytendur. Á þessu er mikill munur. En þetta er bara önnur hliðin. Þegar ég tek viðtöl við Facebook-neytendur segja þeir nefnilega aðra sögu. Þeir segjast fullkomlega meðvitaðir um þessar hliðar Facebook en þeim sé í raun sama því þeir „temji“ Facebook, þ.e. aðlagi notendaviðmót Facebook að sínum eigin þörfum. Þannig skipuleggja þeir félagslíf sitt gegnum Facebook, fá íbúð gegnum Facebook eða sófa, o.s.frv. Einn viðmælenda minna orðaði þetta svo að hann taki svo margar myndir á snjallsímann sinn að það geri ekkert til þótt Facebook öðlist rétt til að nota nokkrar þeirra.

Þetta er menning gnægtarinnar, hinna stóru gagna og því getur verið erfitt að staðsetja sjálfan sig og míkrógjörninga sína innan hennar. Af þessum sökum eiga söfn í eigu og rekstri hins opinbera að hugsa

sig vel um þegar ákvörðun um veitu er tekin. Er þeim stætt á að gleypa við notendaskilmálum Facebook gagnrýnislaut? Ættu þau kannski fremur að vera á veitum á borð við Diaspora eða Ello sem hafa aðra notendaskilmála þar sem upplýsingar eru ekki seldar áfram og ekki er hagnast fjárhagslega á afurðum notenda. Undir slíkum kringumstæðum eru notendur nefnilega notendur og ekki neytendur. YouTube og Facebook eru ágæt til margs, en það er mikilvægt að notendur/neytendur séu vel upplýstir um hvernig þessar veitur virka til að teknar séu upplýstar ákvarðanir.

Fræðimenn hafa bent á að ein hættan við stafræna tækni sé að gestir safna geti misst sjónar af einum helsta styrkleika þeirra, sem er að miðla gildi efnislegra hluta. Með hvaða hætti sérð þú fyrir þér að söfn geti nýtt sér stafræna tækni og þá sem nýjar eða viðbótaleiðir við að styrkja starfsemi sína?

Ég held að það safn sé nánast ekki til sem heldur enn í þá von, eða þá stefnu, að miðla einungis gildi efnislegra hluta. Menn hafa verið að tala um „raunsýndarlega“ menningu í meira en 20 ár og normið er að hið stafræna rými samlagist hinu. Auðvitað er ennþá og verður vonandi alltaf til eitthvað sem heitir safnrými í hefðbundnum skilningi þess orðs. Oftar en ekki eru þau tengd stafrænum rýmum, eða að gert sé út á að skapa blönduð rými, eins og tilfellið er t.d. með loacative media list, sem þrífst á þessari rým-isspennu. Ég held samt að söfn eigi að vara sig svolítið á þessu og standa fastar og kannski stoltari á þeim fótum sem sérfræðipækking þeirra byggist á. Í sumum tilfellum fellur þessi þekking og miðlun hennar vel að stafræna heiminum en stundum ekki. Það er svolítið eins og söfn hafi stokkið gagnrýnislaut á stafræna vagninn og telji að app eða stafræn miðlun geri upplifunina sjálfkrafa betri. Og þetta hangir saman við

Safn 2.0 bylgjuna sem ég kom áður inn á og möntruna um að safngestir verði að fá að leggja meira aktívt af mörkunum svo upplifunin verði á einhvern hátt betri. Sumar sýningar og sum sýningarrými leggja vissulega upp með slíkt og aukin þátttaka safngesta getur gefið góða raun. En ég væri samt til í að greina aðeins betur hvað „þátttaka“ er í þessu samhengi. Safnið sem slíkt er mjög hlaðið rými og þaulbundið vettvangi menningarframleiðslu og í tilfelli listasafna, ráðandi listkvörðum. Þannig hefur þátttöku alltaf verið stýrt í gegnum rýmið. Þetta er vitaskuld einnig raunin með öll þessi safnaöpp, notkun á spjaldtölvum, snjallsímum, o.s.frv. Allt er fyrirfram hannað með ákveðin takmörk og ákveðin form upplifanna í huga. Safngestir hafa samt alltaf verið þátttakendur. Eiginlega finnst mér áhugavert að orðið „safngestur“ er orðið svolítið þúkalegt og nú er fremur talað um „þátttakendur“ eða einmitt „notendur“. Mér finnst í raun meira spennandi að t.d. sýningarstjórar spyrji sig spurninganna: „Hvað er þátttaka og hvernig þátttöku óskum við okkur með hönnun og uppsetningu á þessari sýningu?“ Einnig væri ég til í að betur sé gerð grein fyrir hugtakinu „upplifun“ þegar því er beitt í samhengi safna. Skrif um upplifunariðnaðinn og hagfræði upplifanna eru t.d. ótrúlega tóm hvað þessa höfuðskilgreiningu varðar.

Þú kemur inn á mjög áhuga-verðan hlut hérna varðandi áhersluna á upplifun safngesta. Út frá menningarpólítísku sjónarhorni nýfrjálshyggju hefur sú áhersla verið álitin liður í að gera söfn sem almannastofnanir lýðræðislegri. Í gegnum áhersluna á upplifunina hafa söfnin komið til móts við þá gagnrýni að söfn séu gamaldags stofnanir sem hafa ekki sinnt nægilega hópum í samfélaginu eins og innflytjendum, konum og fólki með skerðingar, svo dæmi séu tekin.

Þetta getur hins vegar falið í sér ákveðna hættu fyrir söfn sem liggur í því að svokallaðar upplifunarsýningar eða þátttökusýningar gera söfn afstöðulaus til viðfangsefnisins. Hvaða möguleika sérð þú fyrir söfn til að takast á við þessa áskorun?

Þetta er í raun klassísk spenna sem söfn hafa alltaf þurft að takast á við. Er safninu ætlað að mennta eða er safninu ætlað að skemmta? Geta þau menntað á skemmtilegan hátt, eins og „edutainment“ hugtakinu er ætlað að lýsa? Á safnið að ná til allra þjóðfélags hópa og aldurs hópa? Hvað á safnið að bera á borð og hvernig hangir það saman við frásagnir tengdum þjóðerni, þjóðarsjálfsmynd, fjölmenningsarsamfélagi, samfélagi upplifana – og sérstaklega í tilviki listasafna, gæði og stöðu listaverka, liststefnu og listamanna í stigveldiskvarða listheimsins? Hér er ekkert einhlítt svar, að sumu leyti vegna þess að misjöfn söfn hafa misjafnar skyldur, hvort sem þær eru lögbundnar eða ekki, en einnig vegna þess að menningarpólítíkin sem regnhlífarhugtak mótar stefnur og birtingarmyndir safna á ólíkan hátt, t.d. með árangursstjórnunar-samningum, o.s.frv. Svo hér þarf sem oftast að greina samhengið vel og þá ekki bara hið menningarpólítíska samhengi, heldur einnig stöðu viðkomandi safns innan þess samhengis. Ég er auk þess ekki alveg sammála þér þegar þú segir að það séu sjónarhorn nýfrjálshyggju sem vilji gera söfn aðgengilegri eða eins og þú orðar það „lýðræðislegri“ því saga menningarstofnanna á borð við söfna sýnir að þeim hefur verið beitt á margvíslegan hátt gegnum tíðina. Söfnin hafa t.d. gegnt mikilvægu hlutverki í almennri menntun almennings. Menntunarsjónarmiðið hefur fylgt söfnum frá því þau voru gerð almenningi aðgengileg og þá gjarnan í pólitískum tilgangi. Hér var því vissri vitneskju haldið að almenningi og ekki annarri, nákvæmlega eins og raunin er í menntakerfinu. Í norrænum skilningi var þetta

vissulega raunin en fljótlega fór þó að bera á menningarpólitískum áherslum sem byggdu menningarlegu lýðræði í stað áherslu á einhvers konar hámenningu. Hið mannfræðilega menningarhugtak fór þess vegna fljótlega að bæra á sér og jókst þá staðbundin menningarframleiðsla til muna þar sem áherslan var ekki endilega á gæði, heldur fremur að virkja fólk til athafna. En þessi form og menningarsýnir eru virkar samtímis og er það því í áherslum viðkomandi menningarstefnu sem maður getur lesið hvor er áhrifa-ríkari hverju sinni. Sjónarhorn nýfrjálshyggjunnar er vissulega einnig til staðar, en ég myndi orða tilgang hennar á öðrum nótum en með tilvísun í einhvers konar lýðræðisvæðingu safna.

Má þá skilja síðust orð þín svo að þú sjáir litla eða enga tengingu milli þeirrar menningarpólitíkur sem kennd hefur verið við nýfrjálshyggju og svo þeirra breytinga sem átt hafa sér stað innan menningarstofnana á borð við söfn? Ein breytingin sem fræðimenn hafa bent á í því sambandi er að söfnum er í dag uppálagt að skilgreina betur hlutverk sitt og koma ákveðnar til móts við breiðari hóp fólks.

Nei, orð mín eiga ekki að skiljast í því ljósi. Ég var meira að bregðast við tengingu þinni við menningarpólitík nýfrjálshyggjunnar og aukið lýðræðishlutverk sem mér finnst loðin tenging. Þess vegna benti ég á að umræðan um að gera almannastofnanir eins og söfn lýðræðisleg eða lýðræðislegri, hefur verið til staðar mun lengur en orðræða nýfrjálshyggjunnar. Áhrif menningarpólitíkur nýfrjálshyggjunnar eru hins vegar talsverð og hafa verið ágætlega greind, í það minnsta í norrænu samhengi. Þessi umræða snýst að miklu leyti um aðkomu hins opinbera að menningargeiranum, umfang hennar, hvernig henni er háttað og stýrt. Í bókinni minni kem ég inn á fjögur

menningarmódel þar sem ákveðnum atriðum er forgangsraðað á ólíkan hátt, ekki einungis út frá aðkomu og virkni markaðarins og hins opinbera, heldur einnig listsýn, ætluðu hlutverki lista og menningar í samfélaginu, hvernig skilja beri þýðingu seilingarfjarlægðarlögmálsins, skattheimtu á ólíkum menningarsviðum, o.s.frv. Í stuttu máli sagt vill menningarpólitík nýfrjálshyggjunnar þátt hins opinbera sem minnstan en hefð Norðurlandanna, hið svokallaða Norðurlandamódel, gerir hlut hins opinbera aftur á móti mikinn og er þetta þá gjarnan tengt norræna velferðarmódelinu. Innan Norðulandamódelisins hefur á síðustu árum borið talsvert á því sem kallað er ný opinber stjórnun sem upphaflega var ætlað að gera opinbera stjórnun skilvirkari og markvissari, m.a. með notkun ýmis konar mælanlegra þátta eins og miðasölu, gerð skorkorta, árangurssamninga o.s.frv. Þar verða til gögn sem síðar er hægt að greina og bregðast við í nafni hagkvæmari stjórnunar. Gallinn felst í raun í aðferðafræðinni og efninu. Það er hægt að færa fyrir því rök að þessi aðferðafræði sé gagnleg á ýmsum sviðum en í menningargeiranum þar sem hin innri og oft ómælanlegu gildi þrífast á þessi aðferðafræði síður við. Það er einfaldlega ekki hægt að „tölvuæða“ alla kima menningargeirans og reyndar finnst mér bera á þversögn í þessum kenningum nýrrar opinberrar stjórnunar því mæligleðin leiðir oft en ekki til framleiðslu gagna sem auka skriffinsku og krefjast tíma og orku sem sumir myndu halda að væri betur varið til annars.

Að lokum, stafræn tækni er orðin mjög útbreidd á Vesturlöndum meðal ólíkra kynslóða og kynja, svo dæmi séu tekin og tæknin hefur opnað fólki möguleika á fjölbreyttri þátttöku á menningarsviðinu. Hver eru helstu álitamálin að þínu mati sem leggja ber áherslu á að skoða á næstu misserum varðandi sam-

þættingu þeirra hjá menningarstofnunum á borð við söfn?

Stafræn tækni og söfn verður að greina út frá viðmiðum, hlutverki og skyldu hvers safns fyrir sig. Samtímasöfn innan listgeirans eru t.d. oft upptekin af listformum þar sem hinn stafræni þáttur er eðlislægur þáttur listaverksins og því lógískt að áhersla sé á stafræna tækni. Í sumum tilfellum virkar þetta vel sem miðlunarþáttur þar sem upplýsingum er komið að og ýmsir fletir á verkum kannaðir með aðstoð stafrænna miðla. Í sumum tilfellum er þetta menningarpólitísk krafa nátengd þeirri sýn að stafræna miðla beri að nota til að „minnka“ bil á milli notenda og safnarýma, annað hvort með aukinni þátttökuvirkni gegnum stafræn viðmót eða með miðlun sem ætlað er að ná til annara markhópa. Í öllum þessum tilvikum er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir ástæðum þess að söfn ákveði að fara þessa leið og hvernig söfnin ná markmiðum sínum. Það er t.d. heilmikill fórnarkostnaður við að nota markaðsmiðil á borð við Facebook sem greinir og selur notendaupplýsingar til eigin fjárhagslegra nota. Hér gæti maður t.d. frekar stuðst við miðla á borð við Ello eða Diaspora. Rannsóknir mínar sýna fram á að í mörgum tilvikum er hinn markaðsvæddi fórnarkostnaður vel þess virði að mati safna því söfn vilja framlengja starf sitt út til miðla sem almenningur er virkur á. Það mikilvæga er að söfn hafi skýra sýn og áætlun í þessum efnunum – og hér finnst mér því miður í flestum tilvikum hvort tveggja skorta.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor við Háskóla Íslands

Íslenskur myndheimur skynjaður og skilinn

Í Safnahúsinu við Hverfisgötu er nú hægt að stunda sjónrænt tímaflakk. Viðfangsefni sýningarinnar Sjónarhorns er íslenskur myndheimur fyrr og nú en sýningin er samstarfsverkefni nokkurra edalsafna og stofnanna sem tengjast sögu hússins. Markús Þór Andrésson fór með sýningarstjórn og lýsir sýningunni sem ferðalagi.

Um leið og stigið er inn í fyrsta sýningarsalinn verður manni ljóst að framsetning þessarar sögusýningar er nokkuð óhefðbundin. Áhorfandinn er umvafinn mörgum öldum samtímis, hinn íslenski myndheimur er settur fram í gegn um fjölbreytt úrval gripa og raðað niður í ólík þemu. Þessi saga er ekki bara saga snillinga og höfðingja, stórviðburða og sigra heldur saga lands sem einnig var byggt konum, gruflurum, listamönnum, vísindamönnum, flökkurum og einfaldlega almenningi. Á sýningunni er sjónrænn arfur okkar, íslensk myndlistarsaga, dreginn undan föndurstimplinum. Listamenn fortíðarinnar eru margir hverjir nafnlausir, ekki bara þeir heldur líka þær, handverksfólk af báðum kynjum sem skreytti m.a. vistarverur sínar, kirkjur landsins, handrit og náttúrufræðibækur.

Til að njóta sýningarinnar, taka hana inn og „skilja“ er að mínu mati best að reyna einmitt ekki um of að skilja hana, heldur frekar skynja hana og

upplifa. Enda segir í inngangi bókarinnar sem fylgir sýningunni að Sjónarhorni sé ætlað „...að vekja til umhugsunar um hinn myndræna arf og hvetja gestina til sjálfstæðrar túlkunar á inntakinu í þemum sýningarinnar.“

Mín upplifun af sýningunni var nokkuð feminísk og spyrjandi. Hvað er saga? Og getur hún verið annað en einmitt sjónarhorn fólksins sem hana segir og heyrir hverju sinni? Hvað er list? Hvenær verður list þjóðmenning? Og hvar skilur milli náttúruvísinda og listaverka? „Í sjónarhorninu út blandast listsköpun og fræðimennska þar sem maðurinn reynir að staðsetja sig í veröldinni og öðlast þekkingu og skilning á umhverfi sínu.“ Í þessum hluta sýningarinnar virka blómateikningar Eggerts Péturssonar eins og lykill eða vísbending. Maður veltir fyrir sér hvenær mynd af blómi sé náttúrufræði og hvenær hún sé listræn túlkun. Ekki er leiðinlegt að skoða bækur með næstum kómískum dýrateikningum í nafni náttúruvís-



inda í sama rými með þetta í huga. Hér er enn og aftur líka hægt að setja upp kynjagleraugin og spyrja sig hvort Eggert hefði getað stigið skrefið frá sumarhúsaprýðandi veggspjöldum og á spjöld listasögunnar ef hann hefði verið hún. Eða hefðu dáleiðandi og fínleg málverk hans orðið að föndri undir kvenmannsnafni?

Að lokum: Gerir sýningin dálítið grín að okkur? Já og nei. Að vissu leyti upphefur hún sjónrænan arf okkar en hún bendir okkur líka á þröngsýni okkar, fordóma og hroka. Oftar en ekki er þetta gert með litlum bröndurum. Þannig potar verk Rósku Hlandblautar löggur glottandi í, að mestu leyti karlkyns, ábúðarfull fyrirmenni og höfðingja sem stilla sér með borða yfir sig miðja á veggnum við hliðina. Rannsóknarskýrslum Alþingis er stillt upp við hlið auglýsingabæklinga ferðaskrifstofa, plötuumslaga og listaverkabóka. Uppstoppaði geirfuglinn verður tragískómískur og táknrænn.

Sýningunni fylgir fínn prentgripur og þótt vefsíðan sé óþjál sem bitnar á hljóðleiðsögninni þá er góð skemmtun að hlýða á hana og hægt að gera bæði á staðnum og heiman frá sér á safnahusid.is



Áskoranir safnamanna

Margir kunna að halda að þessi yfirskrift eigi ekki við um starf á söfnum því það séu nú varla staðir stórra áskorana heldur hljóti að vera kyrrlátir staðir þar sem ríki rósemindin ein og starfsfólk dundi við ýmislegt smálegt varðandi safnkostinn með reglubundnum vanaverkum þar sem tíminn skipti ekki máli og nútíðin nær ekki að ryðja sér inn fyrir safnmúrana og enn síður inn í huga safnvarða því hugsanir þeirra dveljast við sömu tíð og safngripirnir eiga rætur að rekja til. En nei, það er öðru nær. Starf á safni getur verið töluverður hasar, áföll og skringilegar uppákomur og allra handa óvænt atburðarás sem veldur því, svo ég tali hér bara af minni reynslu, að þau áform um dagsverkin sem maður hafði að morgni fjúki út í veður og vind og dagurinn fer oft og einatt í eitthvað allt annað en lagt var upp með yfir morgunkaffinu. Málið er nefnilega að veruleikinn sem safnafólk á Íslandi starfar í er annar og þar ríkir öllu meiri ringulreið og annríki en staðalmyndin af söfnum gerir ráð fyrir, og kannski því meir sem söfn eru faliðaðri, allt niður í einmenningsstofnanir, eins og mörg dæmi eru um í íslenskri safnaflóru.

Ég á mér nokkur eftirminnileg augnablik frá síðustu misserum sem safnstjóri, þar sem þægindaramminn

sprakk með látum og ég leyfi mér að deila þeim hér með lesendum, því að enda þótt þau séu mín reynsla þá hygg ég að ýmsir þekki eitthvað samsvarandi í sínu starfi á söfnum. Ég stóð frammi fyrir allnokkrum stórum áskorunum á þeim tíma sem ég var safnstjóri Minjasafns Austurlands. Sú fyrsta kom til strax fyrsta daginn sem ég mætti í vinnuna á safnið við það að ég komst að því að það vantaði stórlega á Safnahúsið. Með öðrum orðum, húsið er ekki fullbyggt en of langt mál er að fara út í forsögu þess hér. Þetta olli mér töluverðum vanda í mínu starfi. Safn er hús og safn þarf hús og safn er ekkert án húss. Það er ekki hjá því komist, enda þótt til séu alltof mörg dæmi hér á landi um að þessu er ekki framfylgt. Safn, samkvæmt skilgreiningu, hefur samkvæmt íslenskum lögum lögboðnar skyldur um varðveislu menningarminja, rannsóknastarf, starfsaðstöðu starfsfólks og aðgengi almennings og nemenda á öllum skólastigum að safnkosti í formi sýninga og fræðslu. Til að uppfylla þetta þarf safn hús, og það sem meira er þá þarf húsið, hönnun þess og stærð, að henta þeirri starfsemi sem fram fer á safninu. Ýmislegt í hönnun Safnahússins á Egilsstöðum, svo ég taki bara dæmi sem ég þekki vel, hentar ekki starfsemi safns og eitt af því sem ég hellti mér út í var að láta gera breytingar í sýningarsal svo að rýmið samræmdist kröfum sem gera þarf, t.d. um innstreymi ljóss. Uppgerð sýningarsalar Minjasafnsins var ánægjulegt skref í mínum huga og dugir til framtíðar litið. Ég ætla ekki að gefa upp hér hvað ég taldi marga glugga í sýningarsalnum sem þurfti að byggja en bendi á það atriði sem ábendingu til þeirra sem taka ákvarðanir um húsnæði undir safnastarf; það má ekki bara hugsa um umbúðirnar, þ.e. útlit

hússins. Það þarf líka að huga að innihaldinu, safnkostinum og starfsaðstöðu safnafólks. Það er dýrt að byggja yfir söfn en enn dýrara að gera það með röngum hætti.

En svo ég haldi áfram með áskoranirnar. Þar má t.d. tiltaka þegar ég settist niður með ársreikning Minjasafnsins. Þetta var annað kvöldið mitt á Austurlandi og ég rétt byrjuð sem safnstjóri. Ég bjó á þessum tíma í fallegu húsi í skóglendi og í tilefni af þyt vindsins í trjánum og hausthúminu þá kveikti ég á kertum, kom mér þægilega fyrir í sófa, opnaði ársskýrsluna og hóf lesturinn. Á sófaborðinu stóð einn einfaldur viskí til að auka á haustrómantikina. Viskísjússarnir urðu fleiri við að sjá skuldastöðu safnsins, – og tvöfaldir! Það er einmitt skemmtilegt að rifja upp þetta angistarkast mitt fyrir þremur árum því núna þegar ég hætti sem safnstjóri Minjasafnsins þá er safnið orðið skuldlaust, þökk sé góðu samstarfi sem ég átti með þeim sveitarfélögum sem eiga safnið og veittu aukafjárveitingu á árinu 2014 til að koma safninu upp úr þessum gömlu skuldum. Fjárhagsáhyggjur eru því miður of stór hluti af starfi þeirra sem veita íslenskum söfnum forstöðu, þó vonandi séu margar undantekningar á því.

Ég kom inn í safnstjórastarfið á áhuga-verðum tíma því verið var að framfylgja nýjum safnalögum en ég sleppi hér plássins vegna að greina frá þeim rússíbana sem ég var í um nokkurra vikna skeið árið 2013 á meðan ég var á fullu að vinna að því að mæta kröfum sem gerðar eru til safna svo þau fái tilnefningu sem viðurkennd söfn. Ég er hins vegar þakklát fyrir þær kröfur allar því þær gerðu mér kleift

að þrýsta á um nauðsynlegar umbætur í Safnahúsinu. Þar naut ég stuðnings sveitarstjórnarstigsins sem líka gerði mér kleift að leysa vandann varðandi pakkfulla geymslu Minjasafnsins í Safnahúsinu, en með aðstoð bæjar-yfirvalda Fljótaldalshéraðs fékk safnið viðbótargeymslupláss hér á Egilsstöðum, sem hluti safngripa verður fluttur í á næstu mánuðum. Draumur hvers safnstjóra er auðvitað að fá reist nýtt og sérhannað geymsluhúsnæði yfir safnkostinn og vonandi lítur safnstjóri á Minjasafni Austurlandi einhvern tíma þann dag að úr verði.

Síðast en ekki síst vil ég minnst á að starf safnstjórans einkennist ekki af eintómum húsnæðis- og peningaáhyggjum. Það felur í sér ótal tækifæri til sköpunar og gefandi samstarfs. Í mínu tilviki var það í formi sýningargerðar um hreindýrin á Austurlandi en hugmynd að verkefninu fékk ég fljótlega eftir að ég kom austur. Ég fékk styrki sem gerðu þetta mögulegt og faglega og hugmyndaþrjú samstarfsfélaga og vann með þeim að þessu af kappi í tvö ár uns sýningin opnaði í júní s.l. og er nú hluti af grunnsýningu Minjasafns Austurlands. Sýningargerð er mögnuð lífsreynsla. Þar skiptast á skin og skúrir, rétt eins og þegar klifið er ægihátt fjall í öllum veðrum en svo loks stendur maður á toppnum, kominn alla leið upp eftir allt erfið. Þannig leið mér í vor þegar hreindýrasýningin opnaði, úrvinda en glöð.

Unnur Birna Karlsdóttir,
sagnfræðingur

Neyslusaga Reykvíkinga á 20. öld



Sýningin NEYZLAN – REYKJAVÍK Á 20. ÖLD var opnuð í Árbæjarsafni fyrir rúmu ári síðan eða í júní 2014. Hún er ein grunnsýninga safnsins og er ætlað að standa í nokkur ár. Sýningin, sem er á efri hæð Lækjargötu 4, veitir nokkurs konar sögulegt yfirlit yfir neyslusögu Reykvíkinga á 20. öld sem síðan er sett í samhengi við atburði líðandi stundar; stríð, efnahagssveiflur og pólitískar ákvarðarnir bæði hér heima og utan. Í inngangi að sýningarritinu NEYZLAN nefnir fyrrverandi borgarminjavörður Guðný Gerður Gunnarsdóttir að eitt af markmiðum sýningarinnar sé að vekja fólk til umhugsunar um eigin neysluvenjur; „að hver og einn hugi að því hvers hann neytir og hvernig hann umgengst þær auðlindir sem við nýtum til að fæða okkur og klæða.” (bls. 3). Heimilið er í forgrunni og aðstæðum almennings í Reykjavík eru gerð nokkur skil með áherslu á hversdagslega hluti sem tengjast t.d. mat, tísku og afþreyingu. Hér er því um að ræða sýningu sem leitast við að varpa gagnrýnu ljósi á neyslumeningu íslensks samfélags í dag og gefa um leið fróðlega og skemmtilega mynd af sögu hennar.

Sýningin er þannig uppsett að gestir ganga upp á efri hæð Lækjargötu 4 og gengið er milli herbergja sem tileinkuð eru hvert sínu tímabili. Veggir herbergjanna þekja stór svört plaköt með myndum og vel skrifaðum og aðgengilegum textum. Textinn sem er bæði á íslensku og ensku tekur saman mikilvæga atburði sem höfðu áhrif á neyslu og hversdagslíf Reykvíkinga, sem og

helstu nýjungar á sviði tækni og framleiðslu, byggingarefni og byggingarstíl. Tískustráumum og ýmsum lífstílsnýjungum sem lituðu líf landans eru einnig gerð skil á skemmtilegan hátt og hlutum sem einkenna tíðarandann er stillt upp í hverju herbergi fyrir sig. Þar að auki er kaupmáttur meðal Reykvíkinga settur fram á myndrænan hátt þar sem sýnt er hversu margar vinnustundir þurfti til að eiga fyrir kíló af ákveðnum nauðsynjavörum svo sem eggjum, sykri, mjólk og kaffi. Tölur sem sýna fjölda íbúa í Reykjavík á hverjum tíma og myndir sem sýna þróun byggðar eru viðmið sem setja hlutina í ágætt samhengi. Frá 1920 til 1990 fjölgaði Reykvíkingum úr rúmum 17.000 í rúm 97.000.

Á neðri hæð hússins er fræðslusýning um lífsskeið ýmissar hversdagslegrar vöru svo sem kaffibolla eða gallabuxna – líftíma þeirra og ferðalagi frá framleiðslu til urðunar eða endurvinnslu. Þessi fræðslusýning samanstendur af plakötum sem sýna á myndrænan hátt hringrás vörunnar og er henni ætlað að vekja fólk til umhugsunar um eigin neyslu eins og Guðný Gerður bendir á í sýningarritinu.

Sýningin er bæði fróðleg og skemmtileg í heild. Textarnir eru passlega langir þannig að sýningargestir ættu að nenna því að staldra nógu lengi við hvern vegg og lesa allt og það gefur ákveðna heildartilfinningu fyrir því sem er miðlað. Textinn er vel unninn og augljóst að mikil heimildavinna

liggur að baki. Ekki er laust við ákveðinn nostalgífútón í framsetningunni sem einnig einkennist af einkonar velvild og væntumþykju í garð þessarar ört vaxandi borgar og íbúa hennar sem óhætt er að segja að hafi verið nýjungagjarnir með eindæmum í gegnum tíðina. Ef ég get sett út á eitt hvað við þessa annars góðu sýningu, þá er það að mér þótti vanta meiri stéttavídd í umfjöllunina um neysluvenjur Reykvíkinga. Aðeins er minnst á „efnameiri” eða „efnaminni” heimili en með því að setja kaupmátt og neysluvenjur fram í formi meðalvinnustunda er gefin sú mynd að borgarbúar hafi haft úr um það bil jafn miklu að móða og átt möguleika á svipuðum lífsgæðum. Gagnrýni á neyslu er heldur ekki mjög áberandi fyrr en komið er niður á neðri hæðina og mér fannst ekki er alveg ljóst hvort sú uppstilling væri hluti af sýningunni sjálfri eða sérstakur auka-fróðleikur. Að þessu frá-töldu, þótti mér sýningin sérstaklega skemmtileg og fróðleg. Sýningin er passlega yfirgripsmikil þannig að ekki ætti að taka meiri tíma en þrjú korter að fara í gegnum hana alla og fá heilmikið út úr henni. Ég fór á sýninguna með sjö ára frænda mínum sem einnig hafði gagn og gaman af heimsókninni. Símar, einkennandi fyrir hvert tímabil fyrir sig, sem hægt er að lyfta tóli á og hlusta virkuðu vel til að vekja áhuga míns unga förunautar.

Söfn í geimnum



„Þetta er gjöf frá litlum, fjarlægum heimi og inniheldur hljóðin okkar, vísindin okkar, myndirnar okkar, tónlistina okkar, hugsanir okkar og tilfinningar. Þetta er tilraun okkar til að lifa af tímana okkar svo við getum haldið lífinu áfram í ykkar.”

Forseti Bandaríkjanna Jimmy Carter samdi þennan texta sem má heyrja spilaðann af vínylplötu inni í Voyager 1, sem sendur var í geimferð árið 1977. Geimskutlan Voyager 1 og það sem hún inniheldur eru líklegast þeir manngerðu hlutir sem ferðast hafa lengst frá jörðinni. Í framtíðinni hittir Voyager 1 ef til vill fleiri hluti, jafnvel safneignir safna sem áður voru hýstar á jörðinni.

Í þessari örstuttu hugleiðingu er vá á borð við loftslagsbreytingar sett í safnasamhengið þegar kemur að stefnumótun safna og safneigna.

Rétt fyrir aldamótin 2000 var vörum úr verslunum Kringlunnar safnað saman í eins konar „mauso-leum“,

þær settar inn í innsiglað geymslu-hólf sem stóð til að opna eftir 100 ár. Sú framtíðarsýn varð illa leikin þegar í ljós kom að geymslan var ekki vatnspétt og lágu vörurnar undir skemmdum vegna vatnstjóns af völdum rigningar.

Sumarið 2015 féll allt að 60% minna regn en vanalega í löndum Evrópu. Samtímis bráðnuðu jöklar hraðar en áður: Þegar náhvalurinn deyr út, vegna þess að hann getur ekki lengur falið sig undir íslögum á Norðurheimskautinu, sökum bráðnunar íss, verður hann að öðru sinni að einhyrningi á jörðinni og í safnasamhenginu. Hækkunin á yfirborði sjávar mun, ef ekkert er að gert, koma til með að bitna á söfn-um, safngeymslum og menningu heimsins. Óvíst er á þessari stundu hvernig nokkurra hundruð metra flóðbylgja færi með innihald graf-hýsis Kringlunnar.

Söfn á Íslandi gætu fært gripi, skrár og skjöl nær heimskautunum til

að framlengja líftíma þeirra. Norðmenn hafa t.a.m. stofnað fræbanka á Svalbarða þar sem geymd eru fræ allra plantna jarðarinnar. Kostnaður við slíkt verkefni yxi ráðamönnum líklegast í augum, ráðamönnum sem hafa ekki tök á því að starfrækja Náttúruminjasafn samkvæmt lögum.

Þrátt fyrir að framtíðin sé mörgum söfnum huggleikin, sem sést á því að orðið framtíð er mjög algengt í stefnuyfirlýsingum safna, er sú framtíð oftast en ekki óskilgreind og söfn heimsins aðhafast lítið til að bregðast við myrkri sýn vísindamanna um framtíð lífríkis jarðar. Efst á blaði í áætlanagerð til næstu 20 ára ætti að vera spurningin: Hvernig ætla söfn og skyldar stofnanir að búa sig undir breyttar aðstæður á jörðinni á næstu 100, 200, 500,1000 og 5000 árum?

Ingunn Jónsdóttir,
safnafræðingur

Vefsýningar á Sarpi

Mörg söfn og menningarstofnanir nýta sér vefinn í starfsemi sinni, allt frá kynningarmálum til aukins aðgengis að safneign. Norðurlöndin standa þar frammarlega; Svíþjóð og Noregur með gagnasafnið Primus (digitaltmuseum.no og digitaltmuseum.se) og í Danmörku er verið að smíða nýjan gagnagrunn fyrir söfn undir heitinu SARA. Annarsstaðar í Evrópu hafa Rijksmuseum í Hollandi (rijksmuseum.nl/en/explore-the-collection) og British Museum í Englandi (britishmuseum.org/explore.aspx) unnið mikið verk í því að koma safneignum sínum á stafrænt form og gert aðgengilegri. Þetta eru aðeins örfá dæmi um vel unnið verk en auðvelt er með rétttri leit að finna fleiri góð dæmi.

Íslensk söfn hafa ekki látið sitt eftir liggja í því að nýta sér vefinn í starfi sínu. Þar má nefna hin mörgu aðildarsöfn menningarsögulega gagnasafnsins Sarps. Líta má á www.sarpur.is, ytri vef gagnasafnsins sem eina risastóra sýningu. Þar geta áhugasamir leitað í safneignum aðildarsafnanna. Nú hefur þeim möguleika verið bætt við Sarp að aðildarsöfnin geta sett saman sýningar með völdum aðföngum á vefnum. Virkar sýningar er hægt að finna á slóðinni sarpur.is/Syningar.aspx. Aðildarsöfn hafa nýtt sér sýningar í Sarpi sem kynningartæki fyrir sýningar sem eru í gangi inn á söfnunum. Þá hafa söfnin tengt inn öll aðföng sýningarinnar eða bara



nokkra valda safnmuni til kynningar. Einnig er mögulegt að tengja inn sýningarskrár og myndir úr sýningarsölum eða aðrar auðkennandi myndir. Þjóðminjasafnið hefur riðið á vaðið og sett upp greiningarsýningar á ljósmyndum þar sem óskað er eftir upplýsingum frá almenningi. Einnig hafa verið settar upp vefsýningar þar sem tekin hafa verið saman áhugaverð aðföng sem tengjast ákveðinni persónu eða atburðum.

Áhugavert verður að fylgjast áfram með því hvernig aðildarsöfn Sarps munu nýta sér sýningarnar á Sarpi. Mikil vinna er lögð í sýningar inni á söfnum sem standa oft aðeins í afmarkaðan tíma. Með sýningum á Sarpi geta uppsettar sýningar öðlast framhaldslíf og verið aðgengilegar almenningi löngu eftir að þær hafa verið teknar niður á söfnunum. Sýningarmöguleikinn á Sarpi er heildstætt verkfæri til þess að skrá, miðla og varðveita upplýsingar um sýningar, þar á meðal um sýningarsögu aðfanga.

Sigurður Trausti Traustason,
fagstjóri Rekstrarfélags Sarps

Hver, hvernig, af hverju?

Þetta er þýðing á erindi Ninu Simon, framkvæmdastjóra Santa Cruz Museum of Art and History og höfundu bókarinnar The Participatory Museum. Fyrirlesturinn fór fram á ráðstefnu American Alliance of Museums þann 27. apríl 2015. Greinina í heild sinni, ásamt nánari upplýsingum má finna á bloggsíðu Ninu: <http://museumtwo.blogspot.de/2015/04/building-community-who-how-why.html>

Ég hef nú um árabíl unnið með hugmyndina um „þátttöku safnagesta“. Fyrir fjórum árum síðan, þegar ég gerðist safnstjóri Santa Cruz Museum of Art and History, tók ég reynsluna af því með mér. Við buðum meðlimum samfélagsins inn í safnið með því að virkja þau í því að gefa af sér, vinna með okkur að samstarfsverkefnum og í því að taka þátt í því að skapa safnarýmið.

Þessi vinna gekk svo vel að litla stofnunin okkar varð að lífligri menningarmiðstöð. Þegar fólkið tjáði sig um það sem vakti sérstaka hrifningu þeirra á safninu minntist það ekki á „þátttöku“ (e. participation). Það talaði um að byggja upp samfélag (e. community building).

Ég held að það sé ekki hægt að skapa samfélag með beinum hætti. Það er ómögulegt að setjast niður og segja: „nú skulum við búa til samfélag“.

Þátttaka er ein (af mörgum) aðferðum til þess að byggja upp samfélag. Eftir því sem tímanum líður, hefur áhugi minn á því að auka þátttöku fólks, færst yfir í að byggja samfélög. Í dag

vil ég því tala um byggingu samfélags og þá sérstaklega um fyrir hverja, hvernig og af hverju.

Hver

„Samfélag“ er ekki óhlutstætt hugtak, heldur er það hópur fólks sem á eitthvað sameiginlegt. Þetta gæti verið svæði, sjálfsmynd, áhugamál, lífsviðhorf.

Í upphafi slíkra verkefna er mikilvægt að stofnanir sem leitast eftir því að „tengjast samfélagi“ sínu skilgreini um HVERJA er verið að ræða.

Á Santa Cruz Museum of Art and History, afmarkast samfélagið skýrt af landsvæðinu. Við störfum í þágu fólks sem býr í Santa Cruz sýslunni [Kalifornía]. Við biðjumst ekki afsökunar á því að leggja áherslu á íbúa svæðisins. Jafnvel þó Santa Cruz sé ferðamanna staður, hunsum við ferðamenn að mestu leyti. Ferðamenn geta ekki tekið þátt í uppbyggingu samfélagsins hér í Santa Cruz sýslunni þegar þeir stoppa einungis í tvo daga í bænum.

Með því að einblína á íbúa svæðisins, skilgreinum við samfélagið út frá

sjálfsmynd þess. Við störfum með öðrum stofnunum til að fá betri mynd af sýslunni t.d. hvað varðar lýðfræðilega þætti, áhugasvið og þarfir íbúanna.

Að mörgu leyti höfum við, á farsælan hátt, náð að tengjast fólki sem endurspeglar fjölbreytileika sýslunnar. Ólíkir tekjuhópar eru einkennandi fyrir sýsluna og þeir endurspeglast líka í aðsóknartölum safnsins. Við höfum náð til fólks á öllum aldri. Núna vinnum við hörðum höndum að því að styrkja rómanska íbúa svæðisins í að þau finni sig á safninu. Við búum í borg þar sem 19% íbúa eru rómanskir, og í sýslu þar sem 33% íbúa eru rómanskir. Um 8% safnagesta okkar eru rómanskir. Ef við viljum endurspeglja þessa íbúasamsetningu í samfélaginu okkar verðum við að einbeita okkur að því að breyta þessu.

En sjálfsmyndina er ekki endilega hægt að setja saman úr lýðfræðilegum staðreyndum. Það eru til dæmis margir skapandi einstaklingar í Santa Cruz sem skilgreina sjálfa sig sem listamenn í óhefðbundum skilningi. Þess vegna erum við í samstarfi við eldmyndhöggvara, prjónafólk,

grafflistamenn og fólk sem ræktar bonsaitré. Upplifun og reynsla þessara listamanna á heima innan stofnunarinnar, við hlið listmálara, ljósmyndara og myndhöggvara.

Við skilgreinum samfélagið út frá tengingunni. Við einbeitum okkur að fólki sem gætt er menningarlegri forvitni, virku ímyndunarafla og skapandi hug...en sem telur hefðbundnar listastofnanir ekki endilega rétta staðinn fyrir sig. Við hikum ekki við að tengja fólk við sögu og list á nýstárlegan hátt, jafnvel þó þessar leiðir stingi í stúf við hefðbundið verklag safna.

Við hugsum um þessa endurskilgreiningu á tengingunni við gerð dagskrárinnar, en einnig þegar kemur að innri uppbyggingu stofnunarinnar. Sumir af okkar bestu sjálfbodaliðum hófu störf í kjölfar tilskipunar dómstólsins í sýslunni. Hjá okkur getur þú unnið af þér stöðumælasektina. Þetta hefur í för með sér að við fáum til okkar sjálfbodaliða sem: A. Keppast við að ljúka ákveðnum fjölda vinnustunda og B. Eru menningarlega forvitin, þrátt fyrir að þeim dytti ekki endilega í hug að fara á safn. Þau sjá „safn“ sem mögulegan stað til þess að vinna af sér dóm og hugsa „hei, ég hef áhuga á sögu, ég fíla list, kannski er þetta sniðugt fyrir mig“. Við höfum ráðið frábært fólk vegna þessarar óvenjulegu leiðar í því að fá sjálfbodaliða til starfa.

Með því að vinna með samfélaginu, í samvinnu með fólki sem hefur áhuga á virkri menningarlegri upplifun, hefur okkur tekist að vaxa ört og vítt. Á fjórum árum höfum við þrefaldað aðsóknartölurnar og meira en tvöfaldað ráðstöfunarfé okkar, starfsmannafjölda og dagskrárliði.

Í fyrra þróaði stjórn safnsins og starfsfólk í sameiningu „breytingarkenningu“, sem tengir starfsemi safnsins við þau áhrif sem við viljum hafa. Við ákváðum að sem stofnun vildum við einbeita okkur að einni áhrifaríkri stefnuýfirlýsingu: „Samfélagið okkar verður sífellt sterkara og tengdara“.



Sana Cruz Museum of Art & History. Ljósmynd Justin William MAH Photomem

Það er frábær tilfinning að tilgangur okkar sé svona skýr og samstilltur. Með þessu móti gerum við áherslu okkar á samfélagslega þætti sýnilegri, áþreifanlegri og mælanlegri.

Hvernig

Það eru þrjár þræðir í kenningu okkar um breytingar: Valdefling einstaklinga (e. individual empowering), félagsleg tengslamyndun (e. social bonding) og samfélagsleg brúarsmiði (e. social bridging).

Byrjum á valdeflingu. Við viljum efla safngestina í því að láta raddir sínar heyrast og afrakstur sköpunargleðinnar sjást. Oft orka heimsóknir þveröfugt á safngesti, þau fá á tilfinninguna að þau séu of vitlaus eða menningarsnaud til þess að skilja inntak sýninganna. Við viljum að öll fari af safninu með þá tilfinningu að þau geti orðið sagnfræðingar eða listamenn, borgaralegir og/eða skapandi holdgervingar umbreytinga.

Efling einstaklinganna hefst með því að auka aðkomu og þátttöku þeirra á söfnum. Sýna fram á að raddir þeirra skipti máli. Þetta hefst um leið og gesturinn stígur inn fyrir dyr safnsins, þar sem hægt er að deila skoðunum um hvernig megi bæta stofnunina á þar til gerðum skoðanaskiptavegg. Við vinnum í samstarfi við einstaklinga að viðburðum í hverfinu sínu, þar sem fjallað er um þeirra eigin sögu og einstaklingum er gert kleift að tengjast persónulegum böndum sín

á milli. Við leitum einnig leiða – innan og utan veggja safnsins – fyrir fólk að kafa dýpra. Þetta gæti þýtt verkefni í skjalasöfnum okkar, í listasmíðju, eða á sviði svæðisbundinnar starfsemi á sviði samfélagslegra mála í samstarfi við ýmis félagasamtök.

Valdefling er „einstaklingsmiðaði“ þátturinn í kenningarkerfi okkar um breytingar. Hinn þátturinn snýr að því að byggja upp félagsauð með tengingum og brúarsmiði.

Þessi hugtök koma frá Robert Putnam, fræðimanni við Harvard-háskóla og höfundu bókarinnar *Bowling Alone*. Hann fjallar bæði um tengingar og að brúa bil og hvernig þetta tvennt leiðir til uppbyggingar samfélagsins. Við tengjumst fólki sem er líkt okkur að eitthverju leyti. Við brúum bilið á milli okkar og þeirra sem eru ólík okkur.

Putnam og aðrir fræðimenn hafa safnað miklu magni gagna um bandarískt samfélag sem gefa til kynna að tengingum hafi fjölgað á síðustu 50 árum á meðan dregið hefur úr brúun. Við búum í aðgreindum heimi, með sífellt færri tækifæri til þess að tengjast fólki af fjölbreytilegum uppruna og með ólík sjónarmið. Við erum nátengdari fólki af okkar toga, en á sama tíma sífellt einangradri í okkar aðgreindu rýmum.

Söfn eru góðir staðir til þess að tengjast öðrum. Rannsóknir síðustu

áratuga sýna ótvírætt að ein megin-
ástæða þess að fólk heimsækir söfn
sé að styrkja sambönd sín við vini
og fjölskyldu. Á meðan við tökum
vel á móti fólki sem óskar eftir slíkri
tengingu, þá þurfa þau ekki mikla
hjálp frá okkur til að ná því takmarki.

Öðru gildir um brúarsmíði. Ef við
gætum ekki að hönnun brúarinnar
yfir til (og á milli) ólíkra samfélags-
hópa, þá verður hún ekki til. Þess
vegna fer stærsti hluti orkunnar í
að leita nýrra leiða til þess að tengja
saman fólk af ólíkum toga inni á safn-
inu. Við smíðum brýr með því að leiða
saman samstarfsfólk úr ólíkum átt-
um, listamenn, sagnfræðinga, fólk af
margbreytilegum uppruna, kynþátt-
um, þjóðarbrotum og aldri. Dagskráin
okkar er ekki gerð með ákveðinn
markhóp í huga. Við reynum að skapa
jákvætt umhverfi inni á safninu, þar
sem þú getur alltaf hitt einhvern nýj-
an einstakling, ólíkan sjálfum þér.

Ég er stolt af brúarvinnunni okkar.
En hún er ofurviðkvæm. Til að brúa
bilið farsælega á milli hópa, þarf að
skapa jafnvægi á milli þeirra sem
eru í rýminu. Ef einn hópur er í of
miklum meirihluta, fer fólk frekar
í það að tryggja þau tengsl. Eins og
Jane Jacobs sagði, „velgengnin er or-
sök sjálfseyðingar fjölbreytileikans,
ekki mistökin“. Hún var að fjalla um
miðstéttarvæðingu borgarhverfa, en
hugmyndina má yfirfæra á þetta um-
ræðuefni. Þegar of margir einstakl-
ingar af sama toga flykkjast saman að
stökum stað eða dagskrárlíði, veikir
það möguleikann á brúarvinnu.

Við erum í basli við að leysa þetta
farsælega í sambandi við barnafjöls-
kyldur. Þegar ég hóf störf á safninu,
var ekki litið á það sem fjölskyldu-
vænan stað. Við þróuðum nýja hátíð,
sem nefnist „3rd Friday community
festivals“ og þóssuðum okkur á því að
hanna viðburðinn með fólk á öllum
aldri í huga. Sífellt fleiri fjölskyldur
mættu. Núna eru fjölskyldur í miklum
meirihluta á hátíðinni og sumum full-
orðnum gestum finnst sem þetta sé
orðið að skemmtun fyrir börn.



Santa Cruz Museum of Art & History. Lidemys Stacey Marie Garcia

Til að halda brúnni lifandi þarf að
sinna henni af stöðugri athygli og
viðleitni. Það er mikilvægt að byggja
upp sterkara og samtengdara samfélag
og þess vegna er vinnan þess virði.

Af hverju?

Hugsjónin um að söfn taki þátt í að
byggja sterkara og tengdara samfélag
er okkur í Santa Cruz mjög mikilvæg.
Mér finnst samt ekki að öll söfn eigi
endilega að vinna á þennan hátt. Ég
vil ekki að öll söfn séu nærsamfélags-
miðuð. Ég vil frekar að öll söfn hafi
skýr markmið, að þau séu sértæk
í aðferðafræðinni, noti sérhæfða
mælikvarða, og hiki ekki við að ná
takmarki sínu.

Það er ekki megin markmið allra
safna að einblína á nærsamfélagið.
Ég tel megináskorun safna felast í
því að vera sönn gildum stofnunar-
innar, samfélaginu sem það starfar
með, þeim hugsjónum sem það hef-
ur. Það er ekki til eitt rétt sniðmát
fyrir það starf.

Skýr markmið, aðferðir og mæli-
kvarðar gera okkur kleift að iðka það
starf sem við teljum mikilvægast af
stolti og heiðarleika. Ég vil að öll söfn
temji sér þetta.

Ég hóf vinnuferilinn sem verk-
fræðingur. Eitt af því sem hefur
haft mikil áhrif á mig er erindi flutt
árið 1986 af vísindamanninum Dick
Hamming og nefnist „You and Your
Research“. Hamming leitaði svara

við því hvers vegna svo fáir vísinda-
menn stunduðu rannsóknir sem
kæmu til álitla Nóbelsverðlaunanna.
Hann sagði:

Meðalvísindamaðurinn, eftir því sem
ég best veit, eyðir mestöllum tíma sínu
í úrlausnarefni sem hann telur að
séu ekki vera mikilvæg, né líkleg til að
leiða af sér aðrar mikilvægar úrlausnir.

Ef þú vilt hafa áhrif til hins betra
í heiminum, verður þú að vinna að
mikilvægu úrlausnarefni.

.....
**Við einblínum oft á það verkefni
sem blasir við okkur. Næsta sýning.
Næsta markaðsherferð. Næsti stóri
viðburður. Þessi vinna er nytsam-
leg. Hins vegar, ef þú ert ekki að
takast á við lausn á stóru vandamál,
hver er þá tilgangurinn með þessu?**
.....

Það eru mörg mikilvæg vandamál
sem blasa við safnavettvangnum
og bíða úrlausnar: Að byggja upp
sterkara samfélag, umbreyting
menntakerfisins, þörfin fyrir skap-
andi leiki og innblástur, félagslegt
jafnræði, breytingaafli listamanna,
hnattræn málefni. Og margt fleira.

Mér er sama hvaða stóra baráttumál þú
velur, en ég vona að þú sért að takast á
við eitt þeirra. Mikilvægu málin munu
halda fyrir þér vöku, en þau reka þig
líka fram úr rúminu á morgnana. Þau
eru ástæðan fyrir því að þetta starf
skiptir svona miklu máli. Þau eru eina
færa leiðin til að breyta heiminum.

Hreindýrin á Austurlandi, Minjasafn Austurlands

Austfirðingar hafa gjarna státað sig af hinum austfirsku hreindýrastofni. Yfir hreindýraveiðum hefur ávallt verið ævintýrablær og þeir sem þær stunduðu talsverðar hetjur í augum almennings. Með tilliti til fortíðarinnar og þeirrar nýskipunar sem nú hefur komist á nýttjar stofnsins var fyllega tímabært að Minjasafn Austurlands gerði hreindýrin á Austurlandi skil með vandaðri sýningu.



Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson.

Sýningin hefur frekar takmarkað rými, tæpan helming sýningarsalarins að Laufskógum 1 á Egilstöðum. Setur þetta henni óneitanlega nokkrar skorður en plássið er vel nýtt og er þar margt forvitnilegt að sjá. Það sem fangar augað fyrst eru plaköt sem hafa mikinn fróðleik að færa. Þau koma mikilvægum upplýsingum til skila um margt það sem snertir hreindýrin, sögu, nýtingu, lagaumhverfi, rannsóknir, en hið afmarkaða svið, „hreindýr á Austurlandi“, hefur margar hliðar.

Mjög mikið er lagt upp úr lífi og umhverfi hreindýranna, útbreiðslu þeirra og háttum eftir árstíðum. Þar má víða sjá efnistösk Skarphéðins G. Þórissonar, sem hefur fylgst náið með hegðun þeirra í 30–40 ár og má telja fremsta hreindýrasérfræðing landsins þegar þetta er ritað. Hann hefur lagt sýningunni til mikið myndefni af hreindýrunum í sínu eiginlega umhverfi á ýmsum tímum árs. Þetta framlag Skarphéðins er ómetanlegt og gefur sýningunni mikið gildi.

Á sýningunni er mjög margt að upplifa. Þarna má sjá ýmsa gripi sem tengjast nýtingu þessarar auðlindar sem vissulega hefur fært Austfirðingum björg í bú í þau rúm 200 ár sem hreindýr hafa þrífist í fjórðungnum. Má þar nefna vopn, smíðisgripi úr hornum, vörur úr hreindýraskinni og fjölda gamalla og nýrra ljósmynda sem lýsa veiðum og verkun þá og nú. Talsverð nýsköpun hefur átt sér stað varðandi vörur úr hreindýraskinum og er sérstakur bás tileinkaður þeim.

Gömlu myndirnar vekja sérstaka athygli og áhuga þeirra sem til þekkja á Austurlandi. Þá má þar sjá yfir veiðilendurnar sem eru æði misjafnar yfirferðar og er mikill munur á sléttlendinu ofan brúna á Fljóts-

dalshéraði og Jökuldal annars vegar og hins vegar torleiði Gerpissvæðisins og víðar niðri í fjörðum. Víða er ófært öllum hjólatíkum og þurfa þá veiðimenn að sýna mátt sinn og megin til að koma skrokkunum að ökuferri slóð.

Og veiðisögur eru sagðar. Hugfanginn hef ég oft hlustað á sögur veiðimanna um ævintýri, hrakfarir og sigra á veiðidýrum og í einum litlum bás sýningarinnar má heyrja þrjá góða sögumenn, þá Óla í Merki á Jökuldal, Ólaf á Reykjum í Mjóafirði og Hákon Aðalsteinsson rífa upp ævintýri af hreindýraveiðum.

Í litlum sýningarsal má njóta fræðslu þeirra Skarphédins og Jóhanns G. Guttormssonar um líf dýranna og skipulag veiðanna en í sama sal er sýnd teiknimynd um Bjart í Sumarhúsum og hreindýrið og þögul mynd af rannsóknarleiðöngurum þeirra Eðvarðs Sigurgeirssonar og Helga Valtýssonar á hreindýraslóðir á 4. og 5. áratug síðustu aldar. Má þar upplifa öræfanna kyrrrð á meðan hún var og hét.

Ég mæli eindregið með að setjast í sýningarsalinn og fræðast og njóta þriggja ofantalinna myndbanda. Það tekur um það bil 40 mínútur. Einnig að hlýða á a.m.k. eina lifandi veiðisögu. Þá eru á fjórum stöðum hlaupandi litskyggjur sem hleypa lífi í sýninguna. Fræðsla Skarphédins og Jóhanns er textuð á ensku, svo að erlendir gestir njóti en einnig eru plakötin á íslensku og ensku og ættu þeir því að fara margs fróðari til baka auk þess sem sjón er sögu ríkari þegar titið er til mynda og gripa þeirra sem fyrir augu ber.

Sýningin er í heild glæsileg og til hennar vandað. Hún er tileinkuð minningu Helga Valtýssonar rithöfundar og Eðvarðs Sigurgeirssonar ljósmyndara og kvikmyndagerðar-



Ljómmynd: Björn G. Björnsson

manns sem með ferðum sínum á hreindýraslóðir í Kringilsárrana árin 1939–1944 opnuðu augu Íslendinga fyrir tign og lífsbaráttu hreindýranna. Helgi Valtýsson var austfirskrar ættar, maður mikilla hugsjóna og eftir hann liggja merk fræðirit auk þess sem hann sinnti margháttuðum félags- og útgáfumálum á sinni löngu ævi en hann lést árið 1971, 93 ára að aldri.

Auðvitað er ekkert í heiminum fullkomið og umrædd sýning ekki heldur. Að álitni leikmanns mætti lesmál plakatanna vera heldur styttra, þau heldur „ferköntuð“ í útliti. Sýnishorn afurða mætti vera ríkulegra, til dæmis mætti sýna nokkrar uppskriftir úr hreindýrakjöti, svo mjög sem matreiðsluþættir eru í tísku um þessar mundir. Gagnvirkni mætti líka vera meiri en til slíks þarf meira fjármagn en til verkefnisins fékkst.

Björn G. Björnsson hannaði sýninguna í samstarfi við Skarphéðin G. Þórisson hjá Náttúrustofu Austurlands og hitann og þungann af uppsetningu bar Unnur Birna Karlsdóttir.

Stærsti styrktaraðili hreindýrasýningarinnar eru Vinir Vatnajökuls,

en aðrir stuðningsaðilar eru Safnasjóður, Menningarráð Austurlands, Landsvirkjun og Alcoa Fjarðaál.

Sýningin *Hreindýrin á Austurlandi* er opin kl. 11.30–19.00 mánudaga til föstudaga og á laugardögum og sunnudögum kl. 10.30–18.00. Opnunartími þessi gildir til 31. ágúst næstkomandi. Aðgangseyrir er 1.000 kr. sem má telja hóflegt miðað við það sem í boði er, eitthvað svipað og greitt er fyrir stóran bjór á veitingahúsum nú til dags.

Aðkomnir gestir hafa gefið sýningunni góðan róm, enda hefur verið vandað til verka og fráfarandi safnstjóri, Unnur Birna Karlsdóttir, hefur lagt á sig þrotlausa vinnu og eytt miklum tíma til þess að að hún megi standa undir nafni og verða góður gluggi inn í hinn sérstaka heim hreindýra á Austurlandi, en þau munu væntanlega setja svip sinn á náttúru og mannlíf austfirskra byggða um langan aldur.

Óskar undirritaður Unni Birnu til hamingju með frábæran árangur af starfi sínu, sem ég vona að sem flestir njóti.

Skyggnst undir yfirborðið



Louisiana Museum of Modern Art, Photos: Ulrich Jantzen

Á fallegum degi er varla hægt að ímynda sér fegurri stað fyrir safn en þar sem Louisiana-safnið stendur við Eyrarsund, þaðan sem sést yfir til Svíþjóðar. Í gördunum kringum safnið er fullt af listaverkum, göngustígum og fallegum gróðri á sumrin. Auðvelt er að dvelja í safninu heilan dag, því auk spennandi listsýninga af ýmsum toga er veitingastaðurinn frábær og safnbúðin stór og skemmtileg. Það virðist einhvern veginn allt ganga upp í Louisiana.

Hér er vakin athygli á þríþættu, metnaðarfullu sýningarverkefni sem hófst árið 2012 þegar fyrsti hluti þess var opnaður. Rétt er að geta þess að auk þess að sýna myndlist af ýmsum toga hefur safnið á stefnuskrá sinni að fjalla um hinar mörgu hliðar byggingarlistarinnar. Fyrirnefnt verkefni samanstendur af þremur sýningum, sú fyrsta, New Nordic, var opnuð 2012, næsti hluti, Det Arabiske nu, var opnaður í janúar 2014 og sá síðasti var opnaður í sumar og nefnist Afrika. Sama þemad gengur í gegnum allar sýningarnar: arkitektúr, menning og sjálfsmynd (identitet). Sjónum er beint að sambandi arkitektúrs, menningar og samfélags á 21. öldinni, það er hvernig sjálfsmynd svæða og þjóða endurspeglast í arkitektúr nútímans og mótar menningarlega sérstöðu. Gerð er tilraun til að lýsa því hvernig arkitektúr fléttast inn í alla þætti lífs og samfélaga, smeygir sér inn á milli stjórnmála og lista ef svo má segja. Sjónum er beint að arkitektúr nútímans í heimi sem breytist hratt. Spurt er hvernig séreinkenni staða spila saman við alþjóðlegan arkitektúr sem er nauðalíkur um allan heim. Í byggingum frá fyrri tíð má oft glögggt greina sambandið milli bygginga og þess samfélags

sem þær eru hluti af og hvernig þær hafa mótað það. Spurningin er hvort þessi samþætting arkitektúrs og samfélags/menningar muni lifa alþjóðavæðinguna af? Hvort unnt verði að greina í framtíðinni þessi séreinkenni hins manngerða umhverfis eða hvort þau muni hverfa með öllu í straumlínulagadan alþjóðarkitektúr? Hvað segir það okkur um samfélagið og menningu þess í nútímanum ef enn má greina þessi staðbundnu einkenni? Er hugsanlegt að sameiginleg reynsla manna í gegnum tíðina, á hinum ólíkum svæðum sem mótafst af veðri, hnattstöðu, daglegum venjum og samfélagsástandi, sé lífseigari en ætla mætti?

Sýningaradir af þessu tagi gefa fólki tækifæri til að skoða áhugaverða þætti mannlífs og menningar frá mörgum hlíðum, á ólíkum stöðum og tímum. Umfangið er meira en svo að það geti rúmast á einni sýningu en með því að skipta henni niður er mikil saga sögð jafnframt því sem reynt er að kafa ofan í viðfangsefnið eins og kostur er.

Unnt er að lesa sér til um verkefnið á vefsíðu Louisiana-safnsins (louisiana.dk) undir liðnum fyrri sýningar, bæði á dönsku og ensku. Fyrir utan að sama þemað liggur til grundvallar hverri sýningu, er nálgun hverrar sýningar fyrir sig orlítíð mismunandi því svæðin sem eru til umfjöllunar eru ólík og kalla þar af leiðandi á ólík sjónarhorn.

Á sýningunni New Nordic var spurt hvort til sé eitthvað sem kalla megi með réttu norræna sérstöðu og hvort unnt sé, þrátt fyrir alþjóðavæðingu og þá tilhneigingu að þurrka út séreinkenni samfélaga og menningar, að tala um sérstöðu svæðisins

í heild? Sérstaklega er fjallað um séreinkenni, samfélag og opinbert rými. Arkitektúrinn er í forgrunni, opin rými og ljós efni, en einnig er fjallað um nýja norræna eldhúsið, hönnun, tónlist og fleira. Gengið var út frá því að velferðarkerfið væri það sem helst einkenndi Norðurlönd, en einnig opin rými og þrjónaskapur.

Á sýningunni um hið arabíska, Det Arabiske nu, var sjónum beint að því sem fólk á sameiginlegt í arabaheiminum og hvað einkennir hann um þessar mundir. Auk þess að skoða byggingararfinn er leitað fanga í myndlist, ljósmyndum, kvikmyndum og heimildamyndum. Spurt er hvað fólk og samfélög sem búa á jafnviðfeðmu svæði, allt frá Arabíuskaga til Líbanons og Marokkó, eigi sameiginlegt. Þess má geta að eyðimörk þekur um 80% svæðisins sem um ræðir. Eitt af því sem kemur í ljós er að fólk á svæðinu tengist helst í gegnum málið, hið talaða mál, en hið skrifaða mál, ekki síst myndmálið, er jafnframt mjög einkennandi fyrir list og arkitektúr. Einnig má finna þætti sem benda til sameiginlegs skilnings á rými. Sjónum er beint að áhrifum nýrra strauma í arkitektúr, nýrra hugmynda um opinber rými og einkarými. Í því efni skilja Arabalöndin sig t.d. afgerandi frá Norðurlöndunum þar sem tilhneiging er til að opna upp rými, hafa stóra glugga sem auðveldlega má sjá inn um, en í Arabalöndunum er aftur á móti enn til staðar hugmynd um skörp skil svæða, t.d. kvennasvæði, karlasvæði, gestasvæði, hvert um sig aflokað.

Afríkusýningin, sem nefnist einfaldlega Afrika, er sú síðasta í röðinni en hún var opnuð nú í sumar. Á henni er lögð höfuðáhersla á fjölbreytni og margbreytileika Afríku sunnan



Sahara. Brugðið er upp mynd af nýjum arkitektúr ólíkra svæða sem byggja á gamalli hefð og leitað lausna fyrir arkitektúr framtíðarinnar. Jafnframt er lögð áhersla á að lífið sem þrífst í kringum byggingarnar sé hluti byggingarlistarinnar. Fjallað er um margar ólíkar hlíðar viðfangsefnisins og m.a. varpað fram grundvallarspurningum eins og hvað í því felst að tilheyra samfélagi eða að búa í því. Einnig er vikið að þeirri þróun sem á sér stað í þessum heimshluta þar sem borgirnar þenjast út og hvernig gömlum byggingarhefðum reiðir af í samskiptum við nútímaarkitektúr.

Allt eru þetta áhugaverðar þælingar sem eiga erindi við íslensk söfn. Það væri jafnvel hægt að búa til ámóta þema hér á landi þar sem listasöfn og minjasöfn gætu átt áhugavert samtal.

Upplýsingar fengnar af heimasíðu Louisiana.

Sigrún Kristjánsdóttir,
deildarstjóri miðlunar og fræðslu
í Borgarsögusafni Reykjavíkur

Saga sigranna eða brotakennd saga kven-þjóðar

Gengið hefur á með kvennasýningum nú í ár þegar því er fagnað að hundrað ár eru liðin frá því konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Stofnanir, söfn, sveitarfélög og félagasamtök út um allt land hafa staðið fyrir sýningum eða öðrum uppákomum til að minnast þessa atburðar. Þessi tímamót eru líka mikilvæg út frá sjónarmiði lýðræðisþróunar, ekki aðeins vegna þess að 1915 var stigið skref í átt að afnema mismunun byggða á kyni heldur einnig vegna þess að hópur karla, vistráðin hjú (þ.e. vinnumenn) fengu þá einnig kosningarétt og kjörgengi. Kosningaréttur og kjörgengi höfðu hér á landi sem annars staðar verið bundin við eign og því aðeins örlítill hluti þjóðarinnar, réttara sagt karla, sem naut þessara réttinda. Árið 1903 höfðu um 65% íslenskra karla 25 ára og eldri kosningarétt og kjörgengi. Undanþegnir voru vinnumenn og þeir sem skulduðu sveitarstyrk. Og rétturinn var enn bundinn eign að því leyti að grundvöllur kosningaréttarins var að greiða fjórar krónur í útsvar.¹ Það var því stétt og staða sem kom í veg fyrir að allir karlmenn hefðu kosningarétt. Konur höfðu ekki kosningarétt einfaldlega vegna þess að þær voru konur. Kyn réði stöðu þeirra.

Á þessum sama tíma, um aldamótin 1900, var mikill kraftur í jafnréttisbaráttu kvenna, ekki aðeins á Íslandi heldur um allan hinn vestræna heim. Kvenfrelsisstefnan, baráttan fyrir kosningarétti, var alþjóðleg hreyfing og tóku íslenskar baráttukonur þar fullan þátt. Kosningarétturinn var í augum flestra æðsta takmarkið, þegar hann fengist væru konum allar leiðir opnar – að minnsta kosti lög-

formlega. Baráttukonur þessa tíma vissu þó ósköp vel að réttindin væru ekki sjálfgefin, hvorki kosningarétturinn og kjörgengið né réttur kvenna til menntunar og embættar sem fékkst árið 1911, annar mikilvægur áfangi á leið til jafnréttis. Í síðasta tölublaði *Kvennablaðsins*, 31. desember 1919, minnti Bríet Bjarnhéðinsdóttir konur á mikilvægi þess að nýta réttindi sín, að verða „þroskaðir borgarar og góðir starfsmenn, ættjörð vorri.“ Að konur gerðu sig jafnfærar körlunum – gerðu sig gildandi. Og létu ekki bjóða sér misrétti.²

Sem sagnfræðingur með kvenna- og kynjasögu að sérviði hefur mér þótt áhugavert að skoða sýningar sem settar hafa verið upp í tilefni kosningaréttarársins. Sýningarnar sem ég hef skoðað, misítarlega þó, snúast ekki um þá baráttu sem vikið er að hér að ofan heldur virðist markmið flestra þeirra að gera sögu kvenna sýnilega, að tefla fram vísbendingum (eða sönnungargögnum) um að konur voru á ýmsan hátt virkir gerendur í samfélaginu. Eða að draga upp svipmyndir af konum sem hversdagshetjum. *Ævisögur*, eða hin ævisögulega aðferð, það að draga fram sögu einstaklinga, jafnvel til að varpa ljósi á stærri ferli, tímabil eða baráttumál (eða mismunandi stöðu, stétt og reynslu) er mjög í tísku núna bæði hér og erlendis. Það mátti t.d. sjá í hádegisfyrirlestraröð RIKK við Háskóla Íslands nú í vetur (vormisseri 2015) þar sem ömmusögur, „Margar myndir ömmu“, sló öll aðsóknarmet og sprengdi af sér hvern fyrirlestrasalinn á fætur öðrum. Á þennan hátt má segja að sýningarnar

snúist um sýnileika kvenna, séu jafnvel liður í því að „skrifa konur inn í söguna“ og að því leyti í anda kvennasögurannsókna á áttunda áratugi tuttugustu aldar.

Fyrsta sýningin sem ég skoðaði var *Sjókonur — sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð*, sem var opnuð í Sjóminjasafninu í Reykjavík 3. júní. Ég var nokkuð spennt fyrir þeirri sýningu því sjókonur voru talsvert til umræðu og rannsókna í sagnfræði um miðbik nýunda áratugarins, þegar ég byrjaði í námi við Háskóla Íslands. Þar höfðu áhrif rannsóknir eins af frumkvöðlum kvennasögurannsókna á Íslandi, Þórunnar Magnúsdóttur sagnfræðings, sem gaf út bókina *Sjósókn sunnlenskra kvenna* árið 1984 og árið 1988 kom út bók hennar *Sjókonur á Íslandi*. Sýningin í Sjóminjasafninu reyndist skemmtilega uppsett; gengið var „um borð“ í sýningarsalinn, um landgang niður á pall þar sem voru ljósastöplar með textum og myndum. Á veggjum mátti sjá vídeó þar sem haf eða frekar landsýn lék aðalhlutverk. Einnig var hægt að hlusta á viðtöl við sjókonur úr samtímanum og nokkrar luktir í annars skuggsýnu rýminu ýttu undir þá tilfinningu að sýningargesturinn gæti allt eins verið staddur um borð í (gömlu) skipi. Ég var hins vegar hugsi yfir sýningunni efnislega, þ.e. því sem sagt var á textasjöldunum. Sýningin byggir „á áður óbirtum rannsóknum“ Margaret E. Willson mannfræðings við háskólann í Washington í Bandaríkjunum á sjósókn kvenna á Íslandi í nútíð og fortíð, eins og segir í kynningu á vefsíðu Sjóminjasafnsins og í fjölmiðlum.

Fullyrt er að rannsóknir hennar „kollvarp[ri] þeim hugmyndum sem uppi eru um sjósókn kvenna sem var og er mun almennari en áður var talið.“³ Á sýningunni sjálfri var mikið magn texta með dæmum um konur sem sóttu sjóinn, t.d. velþekktar klausur um sjókonur 19. aldar, en einnig frásagnir sjókvenna nútímans auk almennrar umfjöllunar um fiskveiðar. En hvergi sá ég samanburð eða tilraunir til þess að sýna eða segja nákvæmlega, hvorki í texta né með tölfræði, hvernig þessi rannsókn/sýning „kollvarpaði“ fyrri rannsóknum – enda hvergi vísað beint til fyrri rannsókna. Þarna var reyndar spjald með tölfræði um sjósókn kvenna en það náði aðeins aftur til 1997 og segir því harla lítið í sögulegu ljósi. Ennfremur sá ég enga skilgreiningu á því hvað átt væri við með hugtakinu „sjókona“ eða hvernig það hefði þróast og breyst í aldanna rás. Sjókona á 19. öld, kona sem réri til fiskjar á opnum báti, er ekki samskonar sjókona og sú sem er til dæmis þerna á farþegaskipi um miðja 20. öld eða yfirmaður á nútíma rannsóknarskipi eða frystitogara. Í viðtali við *Morgunblaðið* árið 2000 ræðir Þórunn Magnúsdóttir um sjókvennarannsóknir sínar og víkur þá einmitt að því hvað störf sjókvenna séu fjölbreytt.⁴

Að lokum er atriði sem ég hnaut um á sýningunni (og er einnig nefnt í kynningu á á vefmiðlinum Vísi), en það er vísun í Alþingissamþykkt frá 1720 þar sem kveðið var á um að ef konur ynnu karlmannsverk ættu þær að fá karlmannslaun (svo sem við slátt og róður). Af því tilefni er fullyrt: „Þetta sýnir okkur að þegar



konur unnu störf sem almennt voru álitin karlastörf þá nutu þær jafnræðis til launa.“ Nú efast ég ekki um að dæmi séu um að konur hafi fengið sama hlut og karlar til sjós en málið er að ýmsar heimildir benda til þess að ekki hafi verið farið eftir þessari samþykkt hvað varðar önnur störf sem þar eru talin upp. Um það talar t.d. Guðmundur Jónsson í bók sinni *Vinnuhjú á Íslandi*. Og í mínum eigin rannsóknum hef ég séð að konur sem kunnu að slá voru eftirsóttar í vist á sumrin því hægt var að greiða þeim lægri laun en körlum. Ennfremur notuðu sumir karlar það sem rök fyrir því að auka menntun kvenna á síðari hluta 19. aldar að þær mætti svo ráða sem heimiliskennara fyrir lægri laun en karla.⁵ Í huga mínum er því efasemdarfræ, kannski óréttmætt, um að almennt hafi verið launajafnrétti milli sjókvenna og sjókarla.

Ég efast um að þessi atriði trufla almenna gesti skal ósagt látið en sagnfræðingurinn í mér var svolítið pirraður að fá ekki að vita meira um forsendur fullyrðinga. Enginn bæklingur var heldur í boði þar sem þeir sýningargestir sem vildu meira gátu svalað forvitninni.

Á kvenréttindadaginn 19. júní, rétt áður en hátíðahöld kvenna í Reykjavík náðu hámarki með hátíðarsamkomu á Austurvelli, opnaði sýningin *Hvað er svona merkilegt við það?* í Þjóðminjasafni Íslands, helguð störfum íslenskra kvenna í 100 ár. Áhuginn á sýningunni var slíkur, og gleðin í loftinu enn meiri, að hleypa varð gestum inn í hollum. Það var því enginn tími til að skoða neitt af viti, aðeins njóta stundarinnar og hughrifanna þegar hlaupið var í gegn. Og sú jákvæða tilfinningin sem ég fékk

fyrir velheppnaðri sýningu dvín-
aði ekki þegar ég kom aftur stuttu
síðar og gekk í gegn í rólegheitum.
Sýningin er eins og terta, svo ég vísi
til orða Margrétar Hallgrímsdóttur
Þjóðminjavarðar, þegar sýningin
var opnuð, þar sem hver sneið sýnir
svipmyndir einhvers þeirra tíu ára-
tuga sem liðnir eru frá því konur
fengu kosningarétt og kjörgengi. Á
sýningunni er fjöldi muna, mynda og
textabrota án þess að þar sé ofgnótt.
Myndefni er vel valið og það var sterk
upplifun að ganga inn á sýninguna
þar sem á hægri hönd var ljósmynd
sem stækkuð hafði verið margfalt,
svo hún huldi heilan vegg, og sýnir
hátíðarhöld kvenna á Austurvelli
7. júlí 1915 þegar þær fögnuðu ný-
fengnum réttindum. Ég hafði séð
myndina ekki svo löngu áður en
þegar hún blasti við svona stór áttaði
ég mig fyrst á því að þar stendur í
pontu og talar, í skautbúningi, sjálf
táknmynd íslenskrar kvenfrelsisbar-
áttu, Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Allt í
kring eru konur og fáeinir karlar.
Hattar á höfðum. Börn á ferð. Fólk
sem gengur sína leið utan hátíðar-
svæðisins. Og myndin hafði ef til vill
enn meiri hughrif þegar litið var til
vinstri handar því þar, gegnt Bríeti,
í þéttum hóp uppi við dyr Alþingis-
hússins, brosandí með brjóstin ber,
hnefa á lofti, stóðu Kvennaskóla-
stúlkur sem í #Freethenipple brjóst-
byltingunni í janúar 2015 örkuðu
gegnum miðbæinn með frjálsar geir-
vörtur, og að táknmynd hins karlegra
valds, Alþingishúsinu. Hvað hefðu
þær sagt Bríet og hinar baráttukon-
urnar? Eða Þóra Melsteð, stofnandi
og skólastýra Kvennaskólans í Reykja-
vík? Auðvitað eru svona spurningar
út í hött því engin leið er að ímynda

sér svar þess sem lifði í allt öðrum
tíma og samhengi. En frá þessum
gerólíku en sterku ljósmyndum er
haldið áfram í gegnum tertusneiðar
tímans þar sem lesa má hárbeyttar
tilvitnanir í konur; hvernig þær upp-
lifðu samfélagið og stöðu sína; virða
fyrir sér muni sem tengjast störfum
þeirra og þannig smám saman fá
tilfinningu fyrir framrás kvenna inn
á ólík svið samfélagsins. Og hvernig
sífellt fleiri konur upplifðu ósýnileika
kvenna í samfélaginu sem fátánleika,
eða eins og haft er eftir Vigdísi Steinu
Ólafsdóttur gangnastúlku á Landspít-
alanum: „Við fórum oft stelpurnar
úr vinnunni á spítalanum niður í
þing þegar við áttum frí, bara í gríni,
kíktum á þessa karla og hlustuð-
um á röflið í þeim. Við bárum enga
virðingu fyrir þeim, enginn þeirra
bar af og okkur fannst Alþingi hlægi-
legt, því þar voru engar konur.“⁶

Sýningin í Þjóðminjasafninu finnst
mér vel heppnuð í alla staði. Jafnvægi
er í samspli texta og muna, hægt
er að lesa meira af krassandi blaða-
greinum frá hverju tímabili í ítarefni
sem liggur frammi í miðrými sýn-
ingarinnar, þar sem hægt er að tylla
sér á „flosmjúka“ tertu (kannski átti
Margrét Þjóðminjavörður bara við
hana í opunarávarpinu en mér finnst
tertuhugmyndin eiga við um alla sýn-
inguna). Og á nokkrum stöðum má sjá
hreyfimyndir á spjaldtölvum og hlusta
á valið efni. Sýningin er vel hönnuð
og mér fannst sérlega skemmtilegt að
sjá þessi hvítu tjöld sem voru notuð
fyrir texta og til aðgreiningar því þau
minntu mig í það minnsta á stóru
hveitipokana, sekkina, sem keyptir
voru á öll heimili þegar ég var barn
og svo klipptir í sundur og notaðir

í lök, viskustykki eða hvaðeina. Af
þeim sem unnu að sýningunni vil ég
sérstaklega nefna textahöfundinn og
formann sýningarnefndar, Kristínu
Svövu Tómasdóttur sagnfræðing. Þetta
er virkilega vel gert. Og í safnbúðinni
má svo kaupa fallegan og veglegan
bækling um sýninguna auk muna.

Þriðja sýningin sem ég skoðaði ítarlega
er *Gleym þeim ei*, sýning í Safnahúsinu í
Borgarnesi sem opnuð var 23. apríl. Þar
eru dregnar upp örævisögur fimmtán
kvenna af Vesturlandi og þeim þannig
ætlað að vera nokkurs konar fulltrúar
miklu stærri hóps enda valdar úr hópi
hátt á annað hundrað kvenna. Nöfn
allra þessara kvenna má sjá á spjöld-
um þar sem gengið er upp stigann á
bókasafnið í Borgarnesi og nöfn þeirra
sem valdar voru feitletruð. Þar blasir
einnig við ljóð Halldóru B. Björnsson,
„Á Þjóðminjasafninu“, sem er videig-
andi því það hefst á þennan hátt: „Mig
langar til að spyrja þig, löngu horfna
kona, / hvað leiddi hendur þínar / að
sauma þessar rósir í samfelluna þína?
/ Og svona líka finar!“⁷ Það snart mig
að sjá ljóð Halldóru þarna, bæði vegna
efnis þess en ekki síður af því að sjálf
notaði ég þetta sama ljóð, fyrsta er-
indið og hið síðasta, í doktorsritgerð
minni, til þess að lýsa löngun okkar
svo margra til að þekkja fortíðina og
þá ekki síst líf kvenna. Ljóð Halldóru á
því vel við sem innleiðing á sýninguna
fyrir utan að móðir hennar er ein
þeirra kvenna sem fjallað er um
á sýningunni.

Konurnar fimmtán eru kynntar í
texta og myndum. Ein kona á hverju
sýningarspjaldi sem hanga á vegg-
um í sal gegnt bókasafninu. Þetta er
falleg sýning og hógvær. Þó full af

efni og þekkingu. Á spjöldunum spila saman myndir af hverri konu í leik og starfi, stuttur ævisögulegur texti og tilvitnanir í heimildir. Jafnframt eru þar munir úr fórum kvennanna, sparivettlingar sem eru fagurlega þrjónaðir úr fínofnu bandi; gítar; pínulítill kommóða; dásamlegt 150 ára söðulklaði. Gleraugu, bækur, miðar. Konurnar þjuggu hér og þar um Borgarfjörð hluta úr ævinni eða alla sína tíð. Sumar voru vel settar en fleiri þjuggu við fátækt, voru fæddar inn í harðan heim vinnumenskunnar þar sem foreldrar gátu ekki rekið heimili saman, voru jafnvel í fóstri. Svo urðu þær ekkjur sjálfar með börn, hörkuðu úti í sveit eða í Borgarnesi en tókst að koma börnum sínum til manns.

Það sem er sérlega skemmtilegt og persónulegt við þessa sýningu, hlýtt, er að textarnir byggja á frásögnum úr fjölskyldum kvennanna. Farin var sú leið að biðja afkomendur fjölskyldur þessara kvenna, afkomendur eða aðra, að safna saman/skrifa texta eða minningabrot um þær. Útkoman varð skemmtilegt safn ólíkra frásagna sem sýningargestir geta gripið með sér inn í salinn og lesið, eða keypt allar saman í einu hefti. Þetta eru ekki hetjusögur í hefðbundnum skilningi heldur frekar sögur af hversdagshetjum, eins og vikið var að hér að ofan í tengslum við ævisöguleg skrif og ömmusögur. Þessar konur spegla frekar líf „venjulegra“ kvenna en þeirra sem helguðu kvenfrelsisbaráttu aldamótaáranna 1900 líf sitt og krafta. Og sem afkomandi slíkra kvenna, venjulegra sveitakvenna sem ýmist voru giftar eiginkonur bænda eða vinnukonur sem „lentu uppí“ hjá húsbændum sínum, er ég þakklát



fyrir þessa sýningu. Hún er fallega upp sett og vel skipulögð. Starfsfólk safnahússins og sýningarhönnuður eiga heiður skilinn.

Ég hef hlaupið í gegnum aðrar sýningar, svo sem *Ásýnd kvenna* í Borgarskjalasafni en náði ekki að skoða hana aftur og betur áður en hún var tekin niður. Þar voru skjöl kvenna og myndir, og innsetning Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur (sem jafnframt hennar sýninguna), sem sýndu „ásýnd“ kvenna þegar þær þær fengu kosningarétt árið 1915. Sú tilfinning sem ég fékk fyrir sýningunni, og innsetningunni sem sýnir myndir af konum á hálfvagnsæjum pappír, sumar myndanna í brotum (eins og rifinn blöð sem hanga ofan úr loftinu), var að hún endurspegladi fyrst og fremst brotakenndar heimildir um líf kvenna og sögu kvenna. Og ólík lífshlaup. Um það leyti sem þessi orð eru skrifuð, er búið að opna sýninguna aftur, nú í Ráðhúsinu þar sem einnig eru aðrar sýningar, eða brot úr öðrum sýningum (svo sem farandsýningu Kvenréttindafélags Íslands og sýningunni *Vér heilsum gláðar framtíðinni. Kosningaréttur kvenna í 100 ár í Þjóðarborgklöðu*) sem ekki verður fjallað um hér.

Þær sýningar sem ég hef séð, bæði þær sem ég skoðaði ítarlega og ræði sérstaklega hér, og eins hinar sem ég hef hlaupið í gegnum, er ekki hægt að setja í einn pakka. Sumar leggja áherslu á sigranna, á baráttu fyrir jafnrétti – að konur verði fullgildir borgarar í samfélaginu. En aðrar leitast við að draga fram margbreytileg líf kvenna, ekki bara fyrirkvæna heldur líka hinna sem stritundu í sveita síns andlits og komust kannski aldrei á blað fyrir störf sín. Fyrr en nú.

- 1 Sjá má ýmsar upplýsingar um þróun kosningaréttarins á vefsíðu Framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, <http://kosningarrettur100ara.is/>
- 2 Bríet Bjarnhédinsdóttir, „Til kaupenda Kvennablaðsins“, *Kvennablaðið* 31. desember 1919, bls. 90.
- 3 <http://www.sjominjasafn.is/frettir/a-dofinni/nr/551/sjokonur-sjosokn-islenskra-kvenna-i-fortid-og-nutid/>, sótt 4. september 2015; <http://www.visir.is/fordomar-nir-fremur-i-landi-en-a-sjo/article/2015706049921> sótt 4. september 2015.
- 4 <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/540971/>
- 5 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld. Reykjavík, 1981; Erla Hulda Halldórsdóttir, Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2011, bls. 269. Einnig óbirt MA-ritgerð mín í sagnfræði, 'Þú hefur átt að verða drengur í brók'. Konur í sveita-samfélagi 20. aldar.*
- 6 Þennan texta má sjá á veggspjaldi á sýningunni en einnig í sýningarbæklingnum *Hvað er svona merkilegt við það? Störf kvenna í 100 ár*, bls. 18.
- 7 Halldóra B. Björnsson, *Ljóð. Reykjavík: Helgafell, 1949, bls. 49.*

Norrænt samstarf, norrænn innblástur

Um mitt síðasta ár hófst nýtt norrænt samstarfsverkefni um safnfræðslu sem gengur undir heitinu NAME: Nordic Associations of Museum Education. Um er að ræða samstarf norrænna félagasamtaka sem skipað er fulltrúum frá Noregi (SFF), Svíþjóð (FUISM), Finnlandi (Pedaali), Danmörku (MiD) og Íslandi, en FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnmanna, er fulltrúi Íslands í þessum hópi. Markmið samstarfsins er að koma á fót tengslaneti og efla tengsl á milli norræns safnafólks sem sérhæfir sig í safnfræðslu. Fyrsta verk NAME er útgáfa ritsins *Nordic Inspiration: Fresh approaches in museum learning*. Ritið kemur út í nóvember á þessu ári fyrir tilstuðlan Norden, sem styrkir verkefnið.

Rit um safnfræðslu

Nordic Inspiration inniheldur samantektir og umfjöllun um fræðsluverkefni á norrænum söfnum. Ritið samanstendur af greinum, viðtölum og myndasýrþum um fjögur til fimm verkefni frá hverju landi. Verkefnin eru fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að hafa nú þegar komið til framkvæmdar. Hér er því um að ræða samansafn verkefna sem hafa gefist vel og sum þeirra hafa jafnvel unnið til verðlauna í sínu heimalandi. Útgáfan endurspeglar gróskuna sem á sér stað í fræðslumálum á söfnum á Norðurlöndunum. Hún er hugsuð sem hagnýt handbók sem nýst getur starfsfólki safna og þeim sem koma að fræðslumálum á menningar sviðinu. Ritinu er ætlað að veita innblástur til ennfrekari metnaðarfullra verkefna.

Mikilvægi norræns samstarfs

Samstarf á milli landa um faglegt starf á safnasviðinu er gríðarlega

mikilvægt fyrir starfsmenn á söfnum. Þó svo að viðfangsefnin séu gjarnan af ólíkum toga geta úrlausnirnar oftast en ekki verið lærdómsríkar fyrir lesendur. Það er mikilvægt að vettvangur sem þessi sé skapaður, þar sem starfsmenn norrænna safna hafa tækifæri til þess að miðla reynslu sinni öðrum til gagns.

Hvað NAME varðar þá er ætlunin að halda tengslanetinu lifandi að útgáfu lokinni. Hvort sem það verður í formi frekari útgáfu, fundar- og ráðstefnuhalda eða jafnvel vinnuskipta. Aðeins tíminn mun leiða það í ljós, en eitt er víst að samstarf félaganna fimm undir heitinu NAME fer vel af stað og afraksturinn mun án efa reynast dýrmætt vegaþesti.

Félögin að baki NAME eru, ásamt FÍSOS, félagi íslenskra safna og safnamanna:



Lifmynd: Jerker Andersson

Í Finnlandi, Pedaali:
Museopedagoginen yhdistys
Pedaali Ry. www.pedaali.fi/en
 Finnsku safnfræðslusamtökin voru stofnuð árið 2005. Markmið þeirra er að styrkja ímynd og stöðu safnfræðslu innan sem utan safnaheimsins. Samtökin eru vettvangur fyrir jafnt starfandi safnkennara og fræðslufólk framtíðarinnar. Þau bjóða upp ýmis komar endurmenntun og standa að útgáfu tímaritsins Pedafooni. Meðlimir samtakanna eru safnfræðslufólk, aðrir starfsmenn safna, listgreinakennarar og þeir sem hafa sérstakan áhuga á fræðslu á söfnum.

Í Noregi, SFF: Seksjon for Formidling under Norges museumsforbund.
www.sff.museumsforbundet.no
 SFF er deild innan norsku safnasamtakanna Norges Museumsforbund. Tilurð deildarinnar má rekja aftur

til ársins 1996. Aðild er opin öllum starfsmönnum norskra safna sem vinna við safnfræðslu með einum eða öðrum hætti. Deildin annast útgáfu Pedimus, sem er tímarit gefið út ársfjórðungslega og gert aðgengilegt á heimasíðu samtakanna. SFF rekur póstlista fyrir sína félagsmenn og aðra áhugasama.

Í Svíþjóð, FUISM: Föreningen för pedagogisk utveckling i svenska museer. www.fuism.se

FUISM eru samtök fyrir öll þau sem vinna með menntun og fræðslu á sænskum söfnum og öðrum menningarstofnunum. Samtökin skipuleggja árlegar ráðstefnur, fundi og námskeið fyrir félagsmenn. Árlega veita þau verðlaun fyrir velheppnuð og hvetjandi fræðsluverkefni sem unnin eru á söfnum eða öðrum menningarstofnunum. Verðlaunafhendingin fer fram á vörfundum sænsku safnasamtakanna.

Í Danmörku, MiD: Museumsformidlere i Danmark. www.Museumsformidlere.dk
 MiD eru samtök fyrir starfsfólk safna sem starfa á sviði fræðslu og miðlunar. Samtökin voru stofnuð árið 1999. Markmið samtakanna er að kynna, þróa og gefa út efni sem tengist miðlun á söfnum og öðrum skyldum menningarstofnunum. Þau leggja áherslu á samstarf á milli safna og stofnanna bæði innan- og utanlands. MiD magazine er gefið út árlega og er aðgengilegt öllum ICOM CECA meðlimum.

Bergsveinn Þórsson,
verkefnastjóri fræðslu
Borgarsögusafni Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur 
Reykjavík Art Museum



Eró, Jimi Scharnes, 1964

2015

SEPTEMBER / DESEMBER

Katrín Sigurðardóttir / Magnús Sigurðarson / Kathy Clark / Erró / Kjarval / Ásmundur Sveinsson / Gerður Helgadóttir / Jón Gunnar Árnason / Sigurjón Ólafsson Arngunnur Ýr Gylfadóttir / Ásdís Sigurþórsdóttir / Ásta Ólafsdóttir / Björg Þorsteinsdóttir / Björg Örvar / Borghildur Óskarsdóttir / Brynhildur Þorgeirsdóttir / Elín Magnúsdóttir / Erla Þórarinsdóttir / Guðný Magnúsdóttir / Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir / Guðrún Kristjánsdóttir / Hansína Jensdóttir / Harpa Björnsdóttir / Hulda Hákon / Ína Salóme Hallgrímsdóttir / Íris Elfa Friðriksdóttir / Jóhanna Bogadóttir / Jóhanna Kristín Yngvadóttir / Ragna St. Ingadóttir / Rósa Gísladóttir / Sigrún Harðardóttir / Sóley Eiríksdóttir / Valdís Óskarsdóttir / Valgerður Hauksdóttir / Þorbjörg Höskuldsdóttir / Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir

listasafnreykjavikur.is

BRÆÐURNIR BALDURSSON
VORU HÉR

B+B



Náttúruminjasafnið í samstarf við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Náttúruminjasafn Íslands hefur undirritað samstarfssamning við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið er að efla rannsóknarstarf á sviði náttúrufræða og safnamála. Fyrirhugað er verkefni til MA-gráðu í safnafræðum um stöðu náttúruminjavörslu á Íslandi og framtíð samræmdrar skráningar á sviði náttúruminja.

Afmæli félags íslenskra safnafræðinga

Í ár fagnar félag íslenskra safnafræðinga 10 ára afmæli. Ákveðið hefur verið að halda upp þessi tímamót í haust og heiðra að því tilefni einstakling sem hefur lagt sig fram í þágu safnafræðanna á Íslandi.

Nýló í núllinu

Í sumar færði Nýlistasafnið út kvíarnar með sýningarstarfsemi í Bankastrætinu í gömlum neðanjarðarsalernum sem hafa gengið undir nafninu „núllið“. Rýmin eru friðuð en nýttust vel fyrir sýningarstarfsemi í vor og sumar. Vonandi verður framhald á, sérstaklega í ljósi þess að myndlistargalleríum í miðbæ Reykjavíkur fækka ört sökum hækkandi leiguverðs.


Farskóli safnmanna á Höfn í Hornafirði

Í ár er farskóli safnamanna haldinn undir yfirskriftinni „Varðveisla til framtíðar?“. Kröfur um að menningararfurinn sé aðgengilegur og sýnilegur eru stöðugt að aukast og með því fylgir meira álag á safngripi. Á sama tíma eru söfnin lögbundin til að tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Safnkosturinn stækkar sífellt, verður fjölbreyttari og flóknari í stærð og uppbyggingu. Leitað verður svara við því hvernig söfn landsins geti mætt þessum kröfum og á hvað þau eigi að leggja áherslu.

VERIÐ VELKOMIN Á
BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR
FJÖLDI SKEMMTILEGRA SÝNINGA
OG VIÐBURÐA ÁRIÐ UM KRING



Árþéttarsafn




Landnámssýningin




Sjóminjasafnið í Reykjavík



Ljósmyndasafn Reykjavíkur



Viðey



Sjá viðburðadagatal á
www.borgarsogusafn.is

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

*Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists
eru færðar alúðarþakkir*

